Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati, 20/1/1948, en það hafa verið settar nýjar innréttingar í allt húsið . <i>B-09 e lif</i>	
Stærð hússins:	
B: L. 7.5 m., br. 3.2 m., h. 4.6 m.,	= 110.00 m ³
C: L. 14.5 m., br. 4.9 m., h. 2.7 m.	= 192.00 m ³ .
	<u>307.000.-</u>
B- og C liður, ásamt tilheyrandi, er virt á	483.000.-
	<u>=====</u>

Gata og númer:

Óðinsgata 14.

Möt framkvæmd: 15/10/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhúð, byggt þannig að á götuhlið er það tvílyft, en hin hliðin er einlyft, með kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og jární. Í aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Innan á útveggjum og neðan á loftbitum eru þiljur. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Í baklyftinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er eldhús, þiljað á útveggi og allt málað, 2 geymsluherbergi, v.s. og gangur. Þiljað er neðan á loftbita kjallarans, strengt vírneti og múrsléttað.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 3.8 m. h. 5.3 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	38.710.-
<p>b. Viðbygging er við vesturhlið hússins, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð. Þar er eldhús, allt þiljað, vírlagt, múrsléttað og málað. Í kjallaranum er þvottahús, með steinsteypugólfi.</p> <p>Stærð: L. 3.0 m. br. 2.1 m. h. 5.3 m. skáþak, kjh. 2.0 m.</p>	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	5.600.-
Santals	44.310.-

Gata og númer:

Óðinsgata 14 a.

Möt framkvæmd: (2/1/1943.) (13/4/1946.) (14/4/1950.) 25/7/1960.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með risi, 2 kvistum og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa, listum og borðasúð. Steinsteypuskilveggur er eftir endilöngu húsinu, frá kjallaragólfu að efsta bitalagi. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og 2 gangar. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan á. Þverskilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er og neðan á loftbita. Allar þiljur eru lagðar striga og pappír og allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í þeirri neðri. Á þakbitum er gólf. Þar uppi eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 geymslukleifar og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðum hússins. Kjallari með steinsteypugólfu er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, þvottahús, v.s., 3 geymslukleifar og gangur. Íbúðin er með sama frágangi eins og í aðalhæðunum. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu í íbúðinni.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 8.1 m. h. 6.2 m. ris 2.5 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	100.380.-
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 2/1/1943.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 8.1 m. h. 6.2 m. ris 2.5 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	164.300.-
<p><u>Virt 14/4/1950.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 13. apríl 1946, nema gluggar hafa verið málaðir og gert við þá.</p> <p>Íbúðarhús: L. 9.4 m. br. 8.1 m. h. 6.2 m. ris 2.5 m. kj. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	283.500.-
<p><u>Virt 25/7/1960.</u></p> <p>Frá síðasta mati, 14/4 1950, hafa eftirtaldar breytingar orðið á húsinu:</p> <p>1. hæð Ný eldhúsinnrétting sett, ný innrétting í bað og skápar í svefnherbergi. Nýjar svalir.</p> <p>Á 2. hæð hafa breytingar verið þær sömu og á 1. hæð.</p> <p>Þakhæð er óbreytt og kjallari að mestu óbreyttur frá síðasta mati.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 9.4 m, br. 8.1 m, h. 6.2 m, ris 2.5 m, kj. 2.3 m = 738.56 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á..... kr.</p>	886.300.00

Gata og númer:

Óðinsgata 14 b.

Möt framkvæmd: (1/3/1941.) 14/4/1950.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Loft og gólf er úr járnþentri steinsteypu og skilveggir einnig úr steinsteypu, sementssléttaðir. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innaná, lögðum striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Leirflísar eru á eldhúsgólfum og postulínsflísar á veggjum þeirra í 1.5 m. hæð. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun eins og er í neðri hæðinni, en þar eru skilveggir allur úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á loftbita og innan á útveggi. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og skilveggjum. Þar er þvottaherbergi, 3 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 12.6 m. br. 5.0 m. h. 5.8 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>28.340.-^v</p>
<p><u>Virt 14/4/1950.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. marz 1941 að öðru leyti en því, að það hefir verið málað, gert við glugga o. fl. Nú er í þvottahúsi kjallarans ný kerlaug, rafsuðupottur og þvottavél.</p> <p>Íbúðarhús: L 12.6 m. br. 5.0 m. h. 5.8 m. skápak. kj. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><u>181.800.-</u></p>

Möt framkvæmd:	21/10/1930.	Metið kr.
a.	Íbúðarhús, tvílyft, með 2 kvistum og risi, úr steinsteypu, með járnþaki á plægðri borðasúð, pappa og listum á milli. Steinsteypugólf er í neðri hæð hússins og timburgólf þar yfir. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum og gólfborð eru á bitalögum efri hæðar og þaklyftis. Þiljað er neðan á bitana og milligólf í bitalögum. Í ca. 1/3 hluta hússins eru loft og skilveggir úr steinsteypu. Þaklyftið er úr timbri, að öll leyti og allar þiljur hússins eru strigalagðar og allar íbúðir þess, eldhús og gangar ýmist veggfóðrað að eða málað. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, miðstöðvarherbergi, v.s., 2 gangar, búr og fastur skápur. Í efri hæðinni er sama herbergja-skipun og frágangur allur eins og í þeirri neðri. Þó er hér íbúðarherbergi, sem niðri er notað fyrir miðstöðvarherbergi. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og 2 gangar. Terrassosteypa er á anddyragólfum og steinsteypustiga. Stærð: L. 12.7 m. br. 8.3 m. h. 6.4 m. ris 3.4 m. Inngönguskúr er byggður eins og húsið. Stærð: L. 1.6 m. br. 1.6 m. h. 5.5 m. skápak. Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	42.806.-
b.	Geymsluskúr er byggður úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð. Þar er þvottahús og 3 geymsluklefar. Steinsteypugólf er í skúrnum. Millipil er úr timbri. Stærð: L. 10.3 m. br. 3.3 m. h. 3.0 m. skápak. Skúrinn er virtur á.....	1.810.-
c.	Íbúðarskúr, með steinsteypuveggjum er byggður á sömu lóð. Á 2 hliðar er hann áfastur við aðra skúra. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og jární. Í skúrnum er 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s. og gangur. Allt þiljað innan, veggfóðrað og málað. Stærð: Meðall. 7.0 m. br. 3.3 m. h. 3.1 m. skápak. Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	2.130.-
d.	Geymsluskúr er áfastur við litra α , byggður upp við lóðargirðinguna, framhlið úr steinsteypu. Þak úr jární á súð. Stærð: L. 4.0 m. br. 2.8 m. h. 2.4 m. skápak. Skúrinn er virtur á.....	405.-
e.	Þurrkhjallur er í suð-austur girðingarhorninu. Framhliðin er úr rimla-timbri. Þak er úr bárujární á súð. Gólf er úr steinsteypu. Stærð: Meðall. 6.6 m. br. 3.6 m. h. 2.4 m. skápak. Hjallurinn er virtur á.....	684.-
Samtals		47.835.-✓

Gata og númer:

Óðinsgata 16.

Möt framkvæmd: 21/1/1942.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, byggt á þann hátt, að annar hliðveggur þess er úr grásteini, en hinir aðrir veggir úr bindingi, klæddir utan borðum, pappa og jární sem og þakið einnig. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað og málað.	
Stærð: L. 9.1 m. br. 7.2 m. h. 2.8 m. skábak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	16.065.-
b. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan pappa á veggjum og þaki.	
Stærð: L. 5.7 m. br. 3.0 m. h. 2.2 m. skábak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.330.-

Gata og númer:

Óðinsgata 16 b.

Möt framkvæmd: (1/3/1942.) (24/11/1947.) 30/12/1961.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með risi og kvisti á suðurhlíð, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð og pappa. Í því eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og v.s. á aðal hæðinni. Innan á útvegðjum er grind úr 2" plönkum, með pappa og panelþiljum þar innan á. Skilveggur úr steinsteypu eftir endilöngu húsinu upp að þakbitum, kalkslétt- aður báðu-megin. Aðrir skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á lofbita. Allar þiljur eru lagðar striga og pappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Steinsteypugólf er undir öllu timburgólfinu. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi ^{2 loftnis} og 2 gangar, fastur skápur og geymsluklefi. Allt þiljað, veggfóðrað og málað.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 7.0 m. h. 3.8 m. ris 2.8 m.</p> <p>Inngöngu- og geymsluskúr er við austurgöfl hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.8 m. h. 3.2 m. skápak,</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>31.515.-</p>
<p>===== 24/11/1947.</p>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. marz 1942.</p> <p>Íbúðarhús : L 7.5 m., br. 7.0 m., h. 3.8 m., ris 2.8 m.</p> <p>Inng.skúr : L 2.2 m., br. 2.8 m., h. 3.2 m., skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>87.800.- =====</p>
<p>Virt 30/12 1961.</p>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 24/11 1947, en óskast metið til hækkunar vegna hækkandi verðlags.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.5 m., br. 7.0 m., h. 3.8 m., ris 2.8 m.</p> <p>" 2.2 " " 2.8 " " 3.2 = 292.71 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á</p>	<p>kr. 336.600.-</p>

Gata og númer:

Óðinsgata 17.

Möt framkvæmd: 1/6/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyrt, með risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum er pappi, timburgrind og þiljur. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt lagt striga og pappir og ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðunum. Á skambitum er gólf. Þar uppi er þurrkloft. Þverveggur er í húsinu úr steinsteypu upp úr og niður úr.</p>	
<p>Stærð: L. 8.8 m. br. 8.2 m. h. 6.8 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er við austurgöfl hússins, byggður eins og það. Hann er múrsléttaður innan og málaður. Þar eru 2 gangar og 2 v.s.</p>	
<p>Stærð: L. 1.9 m. br. 4.0 m. h. 4.7 m. skáþak, kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	106.260.-

Gata og númer:

Óðinsgata 17 a.

Möt framkvæmd: 21/2/1934.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með risi, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járni á veggjum og baki. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað. Í binding er pappi. Innan á veggjum er pappi. Loft eru strigalögð og öll er íbúðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Í efri hæðinni er samskonar herbergjaskipun og frágangur allur eins og í neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Allt þiljað og málað. Milligólf og pappi er í öllum bitalögum.</p> <p>Stærð: L. 8.9 m. br. 6.7 m. h. 5.6 m. ris 2.3 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður við norðurgafli hússins, úr steinsteypu á 3 vegu og með járnþaki á pappa og borðasúð. Skúrinn er hólfður í sundur í 2 geymslukleifar, gang og v.s. Hann er að nokkru leyti klæddur innan með borðum og með timburgólfi.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 6.7 m. h. 3.0 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>14.785.✓</p>
<p><u>Virt:2/12.1981.</u></p> <p>Húsið hefur verið endurmetið vegna endurbóta á annari hæð hússins. Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati eða 462 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr. 545.160.-</p>	<p>545.160.-</p>

Gata og númer:

Óðinsgata 18.

Möt framkvæmd: a 21/11/1924, b 21/3/1934.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr höggnum grásteini og steinsteypu, með járnbaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðalherberginu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 gangar. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og biljum þar innan á. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum biljum. Biljað er og neðan á loftbita. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt biljað með panel og málað. Þar eru einnig 2 geymsluherbergi og þvottahús. Í kjallaranum er steinsteypugólf.</p>	
Stærð: L. 8.2 m. br. 8.8 m. h. 2.6 m. ris 1.3 m. kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	11.486.-
<p>b. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnbaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og biljum þar innan á, lögðum vírneti. Skilveggir eru úr steinsteypu og allt er húsið múrsléttað innan og ýmist veggfóðrað eða málað. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi, v.s. og gangur. Loft er úr járnbentri steinsteypu, en gólf úr venjulegri steinsteypu.</p>	
Stærð: L. 8.7 m. br. 6.9 m. h. 3.3 m. skábak	
" útskots: L. 1.4 m. br. 3.3 m. h. 3.3 m. kjh. 0.9 m.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	9.125.-
	<p style="text-align: right;">Santals <u>20.611.-</u></p>

Gata og númer:

Óðinsgata 18 b.

Möt framkvæmd: (1/9/1943.) 17/7/1947	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, úr holsteini og með járnþaki á plögðri borðasúð, en pappa á milli. Innan á útveggjum er asfaltpappi, borðagrind, pappi og panel. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 1 skápur og 1 v.s., allt þiljað og með striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Kjallari með steinsteypu-gólfi er undir húsinu.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 5.7 m. h. 3.1 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>27.630.-^v</p>
<p>Húsið, er óbreytt í aðalatriðum frá síðasta mati 1. sept. 1943, en allmikið endurbætt, nýtt þak sett á það, þiljur endurnýjaðar innan á útveggjum og veggfóðrað og málað.</p> <p>Íbúðarhús: L. 6.9 m, br. 5.7 m, h. 3.1 m skápak, kj. 1.9 m.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....</p>	<p>44.000.-</p>

Gata og númer:

Óðinsgata 18 c.

Möt framkvæmd: (1/12/1919.) 15/5/1953.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með hallandi þaki til annarar hliðar, úr steini, (holsteini) og með járnþaki á 1" borðasúð, með pappa á milli. Innan á veggjum er asfaltþappi, borðagrind, þappi og panelborð. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og v.s., allt þiljað og málað. Kjallari er undir húsinu með steinsteyptgólfi.</p> <p>Stærð: L. 4.5 m. br. 5.6 m. h. 3.1 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>6.853.-^v</p>
<hr/>	
<p><u>Virt 15/5/1953.</u></p> <p>Húsið hefir frá síðasta mati 1. desember 1919 tekið þeirri breytingu, að íbúðarherbergi hefir verið skipt í tvennt og útbúin forstofa, allt málað og vél viðhaldið. Ennfremur hefir verið byggt við húsin 1 hæð m/skúrþaki, úr hlöðnum holsteini, slétthúðað utan, timburklætt og múrhúðað innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni; þar er 1 stofa máluð og dúklögð.</p> <p>Íbúðarhús: L 8.2 br. 5.7 h. 3.3 skápak = 154.24 m³</p> <p>Kjallari : L 4.5 br. 5.7 h. 1.9 = 48.74 m³</p> <p style="text-align: right;">202.98 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>97.400.00^v</p>

Gata og númer:

Óðinsgata 19.

Möt framkvæmd: (22/8/1927.) 24. apríl 1954	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með mansarþaki, úr steinsteypu. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Á því eru 3 gluggakvistir stóvir. Í neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur, v.s. og gangur. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu, þó er timburgólf yfir steinsteypugólfinu. Innan á útveggjum er grind, pappi, listar og þiljur. Þiljað er einnig neðan á loftbita. Allar þiljur eru lagðar striga og vélappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í þessari hæð er einnig 3 geymsluherbergi og þvottaherbergi. Í þakhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, 2 fastir skápar, v.s. og anddyri. Allt þiljað innan, veggfóðrað og málað. Ennfremur er þurkherbergi í þessari hæð hússins. Timburstiggar eru í húsinu og milligólf er í bitalögum/ m/pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. Allir steinsteypuveggir eru sementssléttaðir utan.</p> <p>Stærð: L. 16.2 m. br. 6.7 m. h. 3.1 m. ris 2.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>30.503.-</p>
<p>Er óbreytt að stærð frá síðasta mati 22. ágúst 1927, en hæðin ný standsett og á þakhæð hefir þurkherbergi verið breytt í íbúðarherbergi, svo þau eru nú 5, allir dúkar nýir, allt nýmálað. Nýtt þak.</p> <p>Íbúðarhús: L. 16.2 m. Br. 6.7 m. H. 3.1 m. ris 2.9 m. = 488.43 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr.</p>	<p>293.700.00</p> <p>Kr. 293.700.00</p>

Gata og númer:

Óðinsgata 20.

Möt framkvæmd: 21/12/1928.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Í húsinu eru 2 loft úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir allir og kjallaragólf úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og véla-pappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Í þaklyfti er þvottaherbergi og þurrkloft. Skilveggir eru úr timbri. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðinni. Ennfremur er geymsluherbergi í kjallaranum.

Stærð: Meðall. 8.1 m. br. 8.4 m. h. 2.9 m. ris 2.3 m. kjh. 2.7 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

21.491.✓

Gata og númer:

Óðinsgata 20 a.

Möt framkvæmd: 21/3/1927.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Timburklæðning er einnig neðan á loftbitum. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Allt lagt striga og véla-pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Geymslukjallari er undir öllu húsinu, óhólfður í sundur.

Stærð: L. 10.5 m. br. 4.1 m. h. 3.3 m. skáþak, kjh. 2.3 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

9.025.4

Gata og númer:

Óðinsgata 20 b.

Möt framkvæmd: (21/4/1933.) 29/4/1952.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárnri. Í húsinu eru 3 loft úr járn- bentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru allir úr steinsteypu, venjulegri, múrsléttaðri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðar- herbergi, eldhús og anddyri. Í ris hæðinni er þvottahús og þurrkloft. Í kjallaranum eru íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri, trésmíðastofa, geymslu- herbergi og gangur. Stigar eru úr tré.</p> <p>Stærð: L. 8.2 m. br. 8.4 m. h. 5.6 m. ris 2.5 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>27.944.✓</p>
<p><u>Virt 29/4/1952.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21. apríl 1933.</p> <p>Íbúðarhús: L 8.2 br. 8.4 h. 5.6 ris 2.5 kj. 2.7 = 654.36 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>327.200.00✓</p>

Möt framkvæmd: 12/5/1923. 19/3/1966	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með porti, kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu með járnþaki á plægðri borðasúð, pappa, listum og jární. Milligólf er í báðum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt múrsléttað innan og ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, með timburgólfi ofan á, í íbúðinni. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Auk þess eru í kjallaranum 2 geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 8.2 m. br. 7.5 m. h. 4.4 m. ris 2.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	21.538.-
<p>b. Viðbygging er úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Þiljur eru einnig neðan á loftbitum. Allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Milligólf er í bitalögum, með pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. Kjallari er undir allri viðbyggingunni. Þar er 1 íbúðarherbergi, v.s., geymsluskápur, eldhús og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni.</p> <p>Stærð: L. 4.2 m. br. 7.6 m. h. 3.1 m. skáþ. , kjh. 2.5 m.</p> <p>Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	8.536.-
<u>Samtals</u> 30.074.- ✓	
<u>Virt 19/3/1966</u>	
Húsið óbreytt frá síðasta mati 12/5/1923, en óskast metið til hækkunar, vegna hækkandi verðlags.	
Stærð hússins:	
A: L. 8.2 m., br. 7.5 m., h. 4.4 m., ris 2.5 m., kj. 2.5 m. = 498.00 m ³	1.098.000.-
B: L. 4.2 m., br. 7.6 m., h. 3.1 m., ris skáþ., kj. 2.5 m. = 179.00 m ³ .	395.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	kr. 1.493.000.-
<u>Virt: 10/4 1979.</u>	
B.liður hússins endurmetinn.	
Stærð hússins er óbreytt frá síðasta mati eða 179 m ³	
Húsið, (B.liður.) ásamt tilheyrandi, er virt á.....	kr. 8.400.000.-

Gata og númer:

Óðinsgata 22.

Möt framkvæmd: 1/11/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með kjallara, úr holsteini og með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Í aðalherðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, 2 fastir skápar og geymsluklefi. Þiljað er innan á útveggi og tjörupappi er á milli þils og veggja. Skilveggir eru úr bindingi, þiljað er neðan á loftbita. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Milligólf er í bitalögum og fyllt með sagspónum á milli gólfanna. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað og timburgólf yfir steinsteypugólfinu. Í kjallaranum er einnig geymsluherbergi.

Stærð: L. 6.9 m. br. 7.8 m. h. 3.5 m. skáþak, kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

51.950.4

Gata og númer:

Óðinsgata 22 a.

Möt framkvæmd: 1/4/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr hlöðnum holsteini, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðalherberginu eru 3 íbúðarherbergim v.s. og 2 gangar. Innan á útveggjum austurhlíðar og suðurgafls eru þiljur, en langskilveggur er úr steinsteypu, en aðrir skilveggir úr bindingi, Neðan á loftbitum eru þiljur. Allar þiljur eru strigalagðar og veggfóður er á öllum veggjum hússins, en loft, hurðir og gluggar málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi og eldhús, þiljuð, lögð striga og pappír og máluð. Þar er enn fremur geymsluklefi, gangur og trésmíðastofa. Timburgólf er í kjallaranum og milligólf á aðalbitalögum, með sagspónastoppi og pappa á milli gólfanna. Stærð: L. 7.0 m. br. 7.8 m. h. 3.4 m. skáþak, kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>40.960.^{1/2}</p>

<p>Virt 28/6 1977. 1. hæð: Óbreytt frá síðasta mati. Kjallari lækkaður (lögleg hæð). Vaskahúsi og geymslum breytt í íbúð, 3 herbergi, eldhús og bað, íbúðin alveg fullgerð. Stærðir eru óbreyttar. Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á</p>	<p>kr. 8.050.000</p>

Gata og númer:

Óðinsgata 23.

Möt framkvæmd: 16/5/1924.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð. Í neðri hæð þess eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, og þiljum þar innan á. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í neðri hæðinni. Milligólf er í bitalögum, með sagspónastoppi milli gólfanna.</p>	
<p>Stærð: L. 6.9 m. br. 5.4 m. h. 5.1 m. skáþak</p> <p>Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það. Þar er fastur skápur og 2 gangar. Veggir eru kalksléttaðir innan. Þar er timburstigi.</p>	
<p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.7 m. h. 4.8 m. skáþak.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	9.804.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu á 2 vegu, en timbri á 2 vegu, klæddur borðum, en járnþak á borðasúð með pappa á milli.</p>	
<p>Stærð: L. 8.8 m. br. 9.0 m. h. 2.5 m. skáþak.</p>	
<p>Skúrinn er virtur á.....</p>	840.-
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	10.644.- ✓

Gata og númer:

Óðinsgata 24.

Möt framkvæmd: 21/6/1926.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með risi og porti og 2 stórum kvistum sinn á hvorri hlið þess. Húsið er byggt úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli í aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluherbergi og 2 gangar. Langskilveggur er úr steinsteypu, en þverveggir allir úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á loftbitana. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað og málað. Í þaklyfti er sama herbergjaskipun að fráskýldu því að hér eru 2 geymsluherbergi, en aðeins 1 gangur og frágangur allur er hinn sami og er í aðal hæðinni. Á skambitum er gólf. Þar uppi er þurrkloft. Kjallari með steinsteyputröppum er undir öllu húsinu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og geymsluherbergi. Allt með samskonar frágangi eins og í aðal hæðinni. Við vesturhlið hússins eru steinsteyputröppur, með stórum steinsteypupalli er nær fram með meginhluta húshliðarinnar. Undir tröppunum og pallinum er inngangur í kjallarann og 2 geymsluklefar. Húsið er allt sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 7.4 m. h. 3.8 m. kjh. 2.5 m. ris 3.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>25.240.-</p>
<p><u>Virt:15/6.1981.</u></p> <p>Húsið hefur verið endurmetið vegna endurbóta, raflagnir, vatnslagnir og innréttingar eru nýjar nýtt þak og fleira. Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati eða 480 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....</p>	<p>kr 528.000.-</p>

Möt framkvæmd: 1/3/1944.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Skilveggir eru allir úr timbri og klætt er með þiljum neðan á loftbita. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni er sama herbergja-skipun og frágangur allur eins og í neðri hæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðnum. Einnig eru 2 geymsluherbergi í kjallaranum. Milligólf er í báðum bitalögum, með pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. Í rishæðinni er þurrkloft.</p> <p>Stærð: L. 8.2 m. br. 4.9 m. h. 5.3 m. ris 2.5 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 3.9 m. h. 5.0 m. skáþak, kjh. 2.1 m.</p> <p>Viðbygging er við austurhlíð hússins, tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í hvorri hæð fyrir sig er gangur og 1 íbúðarherbergi. Þiljað er innan á útveggi, strigalagt, með álímdum vélapappír, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í kjallaranum er gólf og skilveggir úr steinsteypu. Þar er þvottahús og geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 5.3 m. br. 4.0 m. h. 5.3 m. ris 2.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	89.180. ✓

Gata og númer:

Óðinsgata 25.

Möt framkvæmd: 1/2/1942. 13/2/1969	Metið kr.
<p>Íbúðarskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Hann er þiljaður innan, strigalagður, veggfóðrað og málað. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, þurrkherbergi og geymsla. Í skúrnum er steinsteypugólf.</p> <p>Stærð aðalskúrsins: L. 9.6 m. br. 3.0 m. h. 2.2 m. skáþak.</p> <p>" norðurenda: L. 6.0 m. br. 3.5 m. h. 2.3 m. skáþak.</p> <p>Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	<p>10.665.- ✓</p>
<p><u>Virt: 13/2/1969.</u></p> <p>Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati, 1/2/1942, en innréttingar hafa verið auknar og endurbættar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 9.6 m., br. 3.0 m., h. 2.2 m. } L. 6.0 m., br. 3.5 m., h. 2.3 m. } = 112.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p>	<p>270.000.-</p>

Gata og númer:

Óðinsgata 26.

Möt framkvæmd: 9/9/1922.

Metið kr.

Íbúðarhús, með porti, kvisti og risi, úr steinsteypu, með járnþaki á plögðri borðasúð, með pappa á milli. Innan á útveggjum er pappi og þiljur. Milligólf er í efra bitalagi og fyllt með sagspónum á milli gólfanna. Í aðal- hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 gangar. Allt þiljað og með pappa á veggjum, en striga og pappír á veggjum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, gangur og fastur skápur. Allt með sams- konar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Neðsta gólf er úr steinsteypu og timburgólf ofan á því.

Stærð: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 4.7 m. ris 2.8 m.

Inngönguskúr er við suðurgöfl hússins, byggður eins og það.

Stærð: L. 1.3 m. br. 2.5 m. h. 3.8 m. skápak.

Inngönguskúr er byggður við vesturhlið hússins, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar er gangur og geymsla. Allt þiljað og málað.

Stærð: L. 2.7 m. br. 2.2 m. h. 2.3 m. skápak.

Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....

17.403.-✓

Möt framkvæmd: 21/4/1926.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðalherðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu, sementsléttaðir. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Þiljað er einnig neðan á loftbita. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og öll herbergin ýmist máluð eða veggfóðruð. Á bitalögum er gólf og þurrkloft er þar uppi. Kjallari er undir öllu húsinu og er þar samskonar herbergjaskipun og frágangur allur eins og í aðalherðinni.</p> <p>Stærð: L. 6.0 m. br. 7.5 m. h. 3.0 m. ris 1.6 m. kjh. 2.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.2 m. h. 2.5 m. skáþak, kjh. 2.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>11.741.-^v</p>

Gata og númer:

Óðinsgata 28 a.

Möt framkvæmd: 26/8/1922.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr holsteini, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Allir skilveggir eru úr steinsteypu. Kjallaragólf og loft eru sömuleiðis úr steinsteypu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Útveggir eru allir þiljaðir inn á borðagrind með víking-pappa í. Þiljur og loft eru lagðir striga og pappír, en skilveggir sementssléttaðir og allt málað. Timburgólf er yfir steinsteypugólfi. Í aðal hæð hússins samskonar herbergja-skipun og frágangur eins og í kjallara þess. Á skambitum er gólf. Þar er þurrkloft.

Stærð: L. 6.0 m. br. 7.5 m. h. 3.0 m. ris 1.3 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

15.164.✓

Möt framkvæmd: 21/10/1929.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verzlunarahús, tvílyft, með kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu er 1 loft úr járnþentri steinsteypu og loft viðbótarinnar er einnig úr samskonar efni. 2 loft eldra hluta hússins eru úr bitalögum, með milligólfum, pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. Í viðbótinni eru skilveggir allir úr steinsteypu, en í eldra húsinu úr binding, með tvöföldum þiljum. Kjallaragólfið er úr steinsteypu. Í neðri hæðinni er sölubúð, með borðum, skúffum, hillum og skápum, 1 íbúðarherbergi, 2 geymsluherbergi, v.s., 2 anddyri og opinn gangur í gegnum húsið. Innan á útveggjum er borðagrind, pappi, listar og þiljur, lagðar striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, anddyri og 3 gangar. Hér er allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Í þaklyfti er 1 íbúðarherbergi, baðherbergi og gangur, allt með venjulegum frágangi. Þar er ennfremur þurrloft. Í kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað, þvottaherbergi, 3 geymsluherbergi, anddyri og gangur. Stigar eru úr timbri og allt er húsið, sementssléttuð utan.</p> <p>Stærð: L. 12.0 m. meðalbr. 8.0 m. h. 5.5 m. ris 2.8 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.3 m. br. 2.7 m. h. 4.5 m. skábak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>35.460.-^v</p>
<p><u>Virt: 11/10, 1928.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið innréttuð nýtt eldhús í aðra íbúðina, gólf klædd, veggir rifnir niður, og hitakerfi hússins enduþýtt, á þak hæð hafa verið innréttuð íbúðarherbergi. Stærðir hússins eru óbreyttar frá síðasta mati.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr.</p>	<p>27.470.000.-</p>
<p><u>Virt: 19/9 1929.</u></p> <p>Frá síðasta mati hafa orðið breytingar á húsinu.</p> <p>1. hæð: Verslun hefur verið breytt í íbúð, 3. herbergi, eldhús og bað. Forstofa. Veggir málaðir, ný timburgólf og ný loftklæðning.</p> <p>2. hæð: Þar hafa verið gerðar ýmsar lagfæringar.</p> <p>Kjallari: Þar hafa orðið miklar breytingar. Lagnir fyrir bað í baðherbergi 2. herbergi, geymsla og hol.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 12.00 m., Br. 8.00 m., H. 5.5 m., Ris. 2.8 m., Kj. 2.3 m.</p> <p>L. 1.30 m., Br. 2.70 m., H. 4.5 m., = 899 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.</p>	<p>47.647.000.-</p>

Gata og númer:

Óðinsgata 30 a.

Möt framkvæmd: (15/9/1923.) 20/4/1948	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í neðri hæð hússins eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 fastir skápar og gangur. Allt biljað, lagt striga og pappír og málað. Í neðri hæðinni er sama herbergja- skipun og frágangur. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar eru 2 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 9.0 m. br. 4.4 m. h. 6.0 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>12.706.-</p>
<hr/>	
<p>20/4/1948</p> <p>Húsið hefir tekið þeim breytingum frá síðasta mati 15. sept. 1923, að í stað eldhúss á neðri hæð er nú forstofa, baðherbergi m/keri og v.s. og innbyggð- ir skápar og í kjallara er nú geymsla, íbúðarherbergi, þvottahús með hitaveitu- lögn og útgangur.</p> <p>Íbúðarherhús: L 9.0 m., br. 4.4 m., h. 6.0 m., skápak, kj. 2.0 m.</p> <p>Íbúðarhúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>88.500.-</p> <p>=====</p>

Gata og númer: Óðinsgata 32.

Möt framkvæmd: 1/6/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Yfir kjallara er steinsteypugólf og skilveggur er eftir lengd hússins úr steinsteypu. Í neðri hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, söluhúð, með skápum og hillum, v.s. og 2 gangar. Innan á útveggjum er borðagrind með tjörupappa í og panelþiljum innan á. Neðan á loftbitum eru þiljur. Allt lagt striga og pappír og málað. Í efri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og 2 gangar. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæði hússins. Á þakbitum er gólf og milligólf með sagspónastoppi er í báðum bitalögum. Þar er geymsla og þurrkloft. Kjallari er undir öllu húsi, með steinsteypugólfi. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, þvottaherbergi, v.s., 3 geymsluklefar og gangur. Íbúðarherbergin, eldhús og gangur er með samskonar frágangi sem er í aðalhäð hússins.</p> <p>Stærð: L. 8.9 m. br. 7.5 m. h. 6.2 m. ris 2.5 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>67.560.- ✓</p>
<p><u>Virt:23/11.1978.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið málað og endurnýjað á fyrstu hæð hússins. Einnig hefur verið skípt um þak á húsinu, og er það úr timbri, pappa og bárujárni. Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr. 20.274.000.-</p>	<p>20.274.000.-</p>

Gata og númer:

Óðinsgata 32 a.

Möt framkvæmd:	11/10/1919.	Metið kr.
a.	Íbúðarhús, tvílyft, úr holsteini, með baki úr plægðri borðasúð, pappa, listum og járn. Útveggir eru allir þiljaðir innan og asfaltþappi er innan á veggjum og steinninn bikaður. Loft er úr járnþentri steinsteypu, kalksléttaðri. Skilveggir eru úr steini, einnig kalksléttaðir, en útveggir þiljaðir og með striga og þappir innan á þiljum, allt málað. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, ^{Stofu} gangur, v.s. og geymsluklefi. Steinsteypugólf er í húsinu og timburgólf þar ofan á. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur eins og í neðri hæðinni. Stiginn er úr járnþentri steinsteypu.	
	Stærð: L. 8.8 m. br. 5.7 m. h. 5.8 m. skáþak.	
	Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	19.505.-
b.	Geymsluskúr er á sömu lóð úr bindingi, klæddur utan borðum og pappa og með járnþaki á langböndum.	
	Stærð: L. 3.1 m. br. 2.5 m. h. 2.2 m. skáþak.	
	Skúrinn er virtur á.....	210.-
		Samtals
		19.715.-

Möt framkvæmd: 5/7/1949.

Metið kr.

Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari undir annari álm, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steipt, vikurhlaðin eða úr múrhúðuðu timbri, hraunhúðað utan, klætt innan tvöföldum pappa, timbri og múrhúð og með þaki úr timbri, pappa og eternitskífu, stoppuðu innan með spónum. Á hæð aðalhússins eru 3 stofur, eldhús, anddyri, innri forstofa, gangur og v.s., allt málað og með beykiparkett á gólfum, nema korkur og línóleum á eldhúsi. á hæð viðbyggingar (álm) eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s. og handlaug, gangur og 8 fastir skápar, allt málað og dúklagt, nema á anddyris og v.s.-gólfum eru gólfflísar. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara er 1 íbúðarherbergi málað og dúklagt, vinkilgangur, geymslur, þvottahús, olfumiðstöðvar-klefi, v.s. og geymsla undir útitröppum.

Stærð hússins: L 10.1 m. br. 9.3 m. h. 3.0 m. ris 1.5 m.

" viðbygg.: L 4.7 m. br. 11.3 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. kj. 2.5 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....Krónur 232.200.-^v

Virt: 27/4 1981

Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið.

Skúrinn er steinsteiptur.

Stærð skúrsins: 68 m³Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr. 39.440.-

Möt framkvæmd: 28/2/1949.

Metið kr.

Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari undir annari álmunni, byggt úr stein-
 steypu, öll skilrúm ýmist steipt, vikurhlaðin eða úr timbri, hraunhúðað utan,
 fóðrað innan tvöföldum pappa, timbri og múrhúð og með þaki úr timbri, pappa
 og eternitskífu og stoppað hefilspónum. Á hæð aðalhússins eru 3 stofur, eld-
 hús, anddyri, innri forstofa, gangur og v.s., allt málað og með beykiparkett,
 nema á eldhúsgólfi er korkur og línóleum. Á hæð viðbyggingar (álm) eru 3
 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s. og handlaug, gangur og 8 fastir
 skápar, allt málað og dúklagt, nema á anddyris og v.s.-gólfum eru gólfflísar.
 Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara viðbyggingar er 1 íbúðarherbergi,
 málað og dúklagt, vinkilgangur, geymsla, þvottahús, olíumiðstöðvarherbergi,
 v.s. og geymsla undir útitröppum.

Stærð hússins: L 10.1 m. br. 9.3 m. h. 3.0 m. ris 1.5 m.

"viðbyggingar:L 4.7 m. br.11.3 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. kj. 2.5 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....krónur 232.200.-

Gata og númer:

O d d a g a t a 6.

Mót framkvæmd: 31/1/1949.

Metið kr.

Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari undir annari álmunni, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm ýmist steypt, vikurhlaðin eða úr múrhúðuðu timbri, hraunhúðað utan, fóðrað innan tvöföldum pappa, timbri og múrhúð og með þaki úr timbri, pappa og eternitskifu og stoppað hefilspónum. Á hæð aðalhússins eru 3 stofur og eldhús, anddyri, innri forstofa, gangur og v.s., allt málað og með þykkiparkett á gólfum, nema ^{á/} eldhúsgólfi er korkur og línoleum. Á hæð viðbyggingar (álmunnar) eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, gangur og 8 fastir skápar, allt málað og dúklagt, nema á anddyris og v.s.-gólfum eru gólfflísar. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara viðbyggingar er 1 íbúðarherbergi, málað og dúklagt, vinkilgangur, geymsla, þvottahús, olíumiðstöðvarherbergi, v.s. og geymsla undir útitröppum.

Stærð hússins: L 10.1 m. br. 9.3 m. h. 3.0 m. ris 1.5 m.

"viðbyggingar:L 4.7 m. br.11.3 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. kj. 2.5 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....krónur

232.200.- ✓

Möt framkvæmd: (28/12/1948) 15/1/1958.

Metið kr.

Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari undir viðbyggingu, byggt úr steinsteypu skilrúm ýmist steipt, vikurhlaðin eða úr múrhúðuðu tímbrí, hraunhúðað utan og með þaki úr tvöföldum pappa, tímbrí og eternitskífu og stoppað hefilspónum. A hæð aðalhússins eru 3 stofur, eldhús, anddyri, innri forstofa, gangur og v.s., allt málað og með beykiparketti á gólfum, nema í eldhúsi er korkur og línóleum á gólfí. A hæð viðbyggingar eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s., gangur og 8 fastir skápar, allt múrhúðað, málað og dúklagt, nema í anddyri og v.s. eru gólfflísar. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, máluð og dúklögð, ennfremur vinkilgangur, geymsla, þvottahús, olíumiðstöðvarherbergi, v.s. og geymsla undir útitröppum. Stærð hússins: L 10.1 m. br. 9.3 m. h. 3.0 m. ris 1.5 m.

"viðbyggingar:L 4.7 m. br.11.3 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. kj. 2.5 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....krónur 232.200.-

Virt 15/1. 1958.

Frá síðasta mati, 28/12. 1948, hafa orðið eftirtaldar breytingar á húsinu.

Á 1. hæð hefur borðstofa verið stækkuð og forstofa breytt. Ný eldhúsinnrétting sett, nýr arinn og eikarstigi. Allt veggfóðrað, málað og nýir dúkar lagðir.

Breyting á 2. hæð. Þar eru nú 3 íbúðarherbergi, v. s. og handlaug, gufubað, gangur, skápar og bókahillur, og einnig geymsla. Allt málað, veggfóðrað og dúklagt. Skilrúm eru úr tímbrí. - Svalir.

Kjallari er óbreyttur. - Tvöfalt gler hefur verið sett í allt húsið og það málað utan.

Stærð hússins:

L. 10.4 m., br. 9.3 m., h. 5.8 m., ris skápak.

" 4.0 m., " 1.5 m., " 2.8 m.

" 4.7 m., " 13.0 m., " 2.7 m., ris 0.8 m., kjh. 2.7 m. Alls 932.15 m³.

Húsið með tilheyrandi er metið á Kr. 838.900.-

Gata og númer:

Oddagata 10

Möt framkvæmd: 28/12/1948	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari undir viðbyggingu, byggt úr sama efni, með sama frágangi og eins innréttað að öllu leyti eins og Oddagata 8 hér að framan.</p>	
<p>Stærð hússins: L 10.1 m. br. 9.3 m. h. 3.0 m. ris 1.5 m.</p>	
<p>"viðbyggingar:L 4.7 m. br.11.3 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. kj. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....krónur</p>	<p><u>232.200.-</u></p>

Gata og númer:

O d d a g a t a 12

Möt framkvæmd: 28/12/1948

Metið kr.

Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari undir viðbyggingu, byggt úr sama efni, með sama frágangi og eins innréttað að öllu leyti og Oddagata 8 og 10 hér að framan.

Stærð hússins: L 10.1 m. br. 9.3 m. h. 3.0 m. ris 1.5 m.

"viðbyggingar:L 4.7 m. br.11.3 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. kj. 2.5 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....krónur

232.200.-

Möt framkvæmd: 15/10/1952.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris og kjallari undir álmum, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steipt eða vikurhlaðin, húðað utan marmarsalla, klætt innan vikri og gosull og með þaki úr tímbrí, pappa og aluminium. Á hæð aðalhússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri, innri forstofa, fatahengi og v.s., allt veggfóðrað eða málað, beikparkett á 2 stofugólfum, önnur gólf dúklögð; á hæð álmum eru 3 íbúðarherbergi og baðherbergi m/keri og v.s., allt ýmist veggfóðrað eða málað. Þakhæðin er ónothæf. Í kjallara álmunnar eru 2 íbúðarherbergi, v.s. og forstofa, allt ýmist veggfóðrað eða málað og dúklagt; ennfremur geymsla, þvottahús, olíumiðstöðvarklefi og geymsla undir útitröppum.

Stærð hússins:	L 10.1	br. 9.3	h. 3.0	ris 1.5	=	356.93 m ³
" álmum :	L 4.7	br. 11.3	h. 2.7	ris 0.8	kj. 2.5	= 297.41 m ³
						<u>654.34 m³</u>

Húsið, ásamt álmunni og tilheyrandi, er virt á..... 392.600.00

Gata og númer: ODDAGATA 16

Möl framkvæmd: 12/4 1955.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, undir nokkrum hluta, byggt úr steinsteypu, húðað utan marmarasalla, korkklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v. s. og handlaug, steypibað m/v. s. og handlaug, 4-5 innbyggðir skápar, anddyri, innri forstofa, gangur, hurðir úr harðviði, allt málað, parkett og dúkar á gólfum. - Þakhæð er óinnréttuð. - Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, steypibaðklefi m/v. s. og handlaug, anddyri, innri forstofa, 3 innb. skápar, allt málað og dúklagt, hurðir úr harðviði, ennfr. þvottahús, hitaveituklefi og 2 geymslur.

Stærð hússins: L. 10.1 m. Br. 9.3 m. H. 2.9 m. ris 1.5 m.

" álmu : L. 4.7 m. Br. 11.3 m. H. 2.7 m. ris 0.8 m.

" kjallara: L. 4.5 m. Br. 9.3 m. H. 2.3 m. Alls 751.84 m³

Húsið með álmu og tilheyrandi er metið á kr. 601.500.00

Kr. 602.500.00

Gata og númer:

ORRAHÓLAR 1

Mót framkvæmd: 11.07.79.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús úr steinsteypu, einangrað með plasti, málað að utan og með bárujárnri á þaki. Húsið er 3 hæðir.

Á 1. hæð er anddyri, 2 skálar, 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherb. með 2 kerl., 2 v.s. og 2 handl., tvennar svalir eru. Í húsinu öllu er tvöfalt gler. Sameign öll er máluð og frág. og með teppum.

Á 2. hæð eru 2 skálar, 6 íbúðarherb., 2 eldhús, 2 baðherb. með 2 kerl., 2 v.s. og 2 handl., tvennar svalir eru.

Á 3. hæð eru 2 skálar, 6 íbúðarherb., 2 eldhús, 2 baðherb. með 2 kerl., 2 v.s. og 2 handl. Tvennar svalir eru.

Kjallari hefur 1 anddyri, 3 íbúðarherb., 1 baðherb. með 1 v.s. og handl. Auk þess eru í kjallara þurrkherbergi, hjóla-geymsla + 1 geymsla fyrir hverja íbúð, auk þess 2 herbergi tilh. 1. hæð t.h. Einnig sorpgeymsla.

Stærð hússins:

L. 13,41 m., br. 13,20 m., h. 8.40 m., ris 2,00 m. kj. 2.8m.

Samtals 2.159 m³

Húsið með tilheyrandi er metið á 101.473.000,-

Gata og númer: Orrahólar 3

Möt framkvæmd: 1.des. 1978	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið er eins og nr. 5 við Orrahóla og vísast til þeirrar teikningar.</p> <p>Stærð: L 20.10 m., Br. 13.20 m. H. 5.65 m., Ris 2.00 m. Kj. 2.80 m. : 2,507 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....kr.</p>	<p>78.266.000.-</p>

Gata og númer: Orrahólar 5

Möt framkvæmd: 19. okt. 1978	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 2 hæðir og kjallari er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétt húðað, hraunað og málað utan. Þakið er timbur pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er stigahús, 10 íbúðarherbergi, 3 eldhús, 3 baðherbergi með kerlaug, 3 vs., 3 handlaugar, 3 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru máluð. 1 þvottahús á hæðinni.</p> <p>2.hæð: Eins og 1.hæð.</p> <p>Jarðhæð: Þar er anddyri skáli, 2 íbúðarherbergi, 1 eldhús, 7 geymslur og leikherbergi, sameiginlegur stigagangur teppalagður, 2 vs., 2 handlaugar. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir.</p> <p>3 bílskúrar ganga inn í jarðhæð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p style="text-align: right;">L 20.10 m., Br. 13.20 m., H. 5.65 m., Ris 2.00 m., Kj. 2.80 m. : 2.507 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 78.266.000.-</p>	

Gata og númer:

ORRAHÓLAR 7

Möt framkvæmd: 14.02.80.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, flekamúrað að utan og með bárujárnsþaki. Húsið er 8 hæðir og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð eru 4 eldhús, 10 íbúðarherbergi, einnig húsvarðaríbúð með öllu tilheyrandi. 2 herb., eldhús og bað, þvottahús, geymslur fyrir barnav., 4 skálar, 4 baðherb. með 4 v.s., 4 handlaugum og 4 kerlaugum. Barnaleikherbergi með v.s. og handlaug. Einnig eru 6 svalir á hæðinni.</p> <p>2. til 7. hæð eru eins, 7 eldhús, 6 skálar, 7 baðherb. með 7 handl., 7 v.s. og 7 kerlaugum, 16 íbúðarherbergi, 8 svalir. Einnig eru lyfta og stigi.</p> <p>Tvöfalt gler er í gluggum og harðviðarhurðir eru í öllu húsinu. Parket er á gólfum en ekki er vitað hvar.</p> <p>Í kjallara, þar er anddyri, 53 geymslur, baðherb. með v.s., handl. og kerlaug, eldhúskrókur og herb. 2 föndurherb. fyrir 2 íbúðir á 1. hæð. Einnig er sorp. Stigi er einnig. Tvöfalt gler er í gluggum. Harðviðarhurðir eru.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 31,95 m., br. 20,68 m., h. 19,00 m. kj. 2,70 m.</p> <p>" 22,10 " " 18,87 " " 2,70 " ris 2,00 " Samt. 15.885 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á 1.134.824.000,-</p>	

Gata og númer: Ósabakki 1

Möt framkvæmd: 6.nóv. 1974	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 2 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 4 íbúðarherbergi, 1 baðherbergi með kerlaug, steypa, 1 vs., 1 handlaug. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru máluð. 2 geymslur, föndurherbergi, þvottaherbergi.</p> <p>2.hæð: Þar er stigi, 2 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. 1 vs., 1 handlaug. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og loft viðar-klædd. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru máluð. Innbyggður bílskúr.</p> <p>Stærð hússins: L 9,60 m., Br. 11,00 m., H. 5,50 m. = 582 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>5.820.000.-</p>

Gata og númer: Ósabakki 5

Möt framkvæmd: 6.nóv. 1974	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 2 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hita-veita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 4 íbúðarherbergi, 1 baðherbergi með kerlaug, steypa, 1 vs., 1 handlaug. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf máluð. Auk þessa eru 2 geymslur, föndurherbergi og 1 þvottahús.</p> <p>2.hæð: Þar er eldhús, 1 vs., 1 handlaug. Innbyggðir skápar. 2 íbúðarherbergi. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Innbyggður bílskúr.</p> <p>Stærð hússins: L 9,6 m., Br. 11,00 m., H. 5,5 m. = 582 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>5.820.000.-</p>

Möt framkvæmd: 11/5/1976	Metið kr.
<p>Virt: 11/5/1976.</p> <p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 2 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúðað utan og þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1. Hæð: Þar er anddyri, 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug. Hurðir eru úr harðvið, skápar innbyggðir, tvöfalt gler í gluggum, veggir ýmist málaðir eða veggfóðraðir og á gólfum er dúkur. Ennfremur eru 2 geymslur, föndurherbergi og þvottahús á hæðinni.</p> <p>2. hæð: Þar er stigi, anddyri, 2 íbúðarherbergi, 1 eldhús m/borðkrók, v.s. og handlaug. Skápar eru innbyggðir, hurðir úr harðviði, tvöfalt gler í gluggum og veggir og gólf máluð. Bílskúr innbyggður í húsið.</p> <p>stærð hússins:</p> <p>L. 9.60 m., br. 11.00 m., h. 5.50 m. = 582.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt bílskúr og tilheyrandi, er virt á kr. 11.960.000.-</p>	

Gata og númer: ÓSABAKKI 9

<p>Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, vírneti og múrhúð úr skeljasandi. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Innan á útveggjum eru vikurplötur. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum þiljum, vírlögðum og allar íbúðir hússins eru múrsléttar og málaðar innan. I húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., forstofa og anddyri. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi, forstofa, v.s. og 2 gangar. Kolaklefi úr steinsteypu er utan við kjallarann bak við húsið. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallarann. Kjallarinn er eins og aðalhæð hússins múrhúðaður utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. br. 7.6 m. h. 2.8 m. ris 1.4 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>54.570.-</p>
<p>===== 20/1/1948.</p>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. júní 1942.</p> <p>Ibúðarhús : L 8.8 m., br. 7.6 m., h. 2.8 m., ris 1.4 m., kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>118.200.-</p>

Gata og númer:

S a m t ú n 18.

Möt framkvæmd: 1/8/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum pappa, listum og eternitplötum á þaki, en veggir eru allir vírlagðir og múrsléttaðir utan með skeljasandi. Húsið er allt þiljað innan, vírlagt, múrsléttað og ýmist veggfóðrað eða málað. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., fataklefi, 2 fastir skápar, forstofa og anddyri. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, þvottahús, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluklefar og gangur. Veggsvaflir úr steinsteypu eru við húsið, sem og steinsteypu-tröppur.

Stærð hússins: L. 7.7 m. br. 8.5 m. h. 2.9 m. ris 1.5 m. kjh. 2.2 m.

" útskots:L. 4.3 m. br. 1.1 m. h. 2.9 m. ris 0.8 m. kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....

65.300.-

Gata og númer:

S a m t ú n 20.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum vírneti og múrhúð, úr skeljasandi á veggjum og með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. I bindingi er pappalag og sagspónastopp. Allar íbúðir hússins eru þiljaðar innan, eldhús og baðherbergi vírlögð og múrsléttuð en íbúðarherbergi og gangar strigalögð og allar íbúðir hússins eru olíumálaðar innan. I aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 steypibaðklefar m/v.s., anddyri og 2 gangar. I rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., geymsluherbergi, anddyri og gangur. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 geymsluklefar, v.s., steypibaðklefi, miðstöðvar- og þvottaherbergi, anddyri og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið, undir þeim er gangur inn í kjallarann. Staðð: L. 9.4 m. br. 9.5 m. h. 2.8 m. ris 2.5 m. kjh. 2.2 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>60.440.^v-</p>
<p>Virt: 5/10 1981.</p> <p>Frá síðasta mati hefur húsið verið endurbætt.</p> <p>Stærð hússins er óbreytt frá síðasta mati eða 554 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>kr. 720.200.-</p>

Gata og númer:

S a m t ú n 22.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu með eternitþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allar íbúðirhússins eru múrsléttaðar og málaðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., forstofa og anddyr. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, steypibaðklefi m/v.s., þvottahús, miðstöðvarherbergi, 3 geymslukleifar, anddyri og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi. Húsið er múrhúðað utan með skelja-sandi.

Stærð hússins: L. 9.0 m. br. 7.5 m. h. 2.9 m. ris 1.6 m. kjh. 2.5 m.

" útskots: L. 4.0 m. br. 1.0 m. h. 2.9 m. ris 1.6 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

51.900.-

Gata og númer:

S a m t ú n 24.

Möt framkvæmd: 1/12/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu með eternitþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu er 1 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallara-gólf og allir skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Efra loftið er úr timbri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og trétex-þiljum þar innan á. Allir steinsteypuveggirnir eru múrsléttaðir og allar íbúðir hússins olíumálaðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eld-hús, steypibaðklefi m/v.s., 4 fastir skápar, stigagangur, anddyri og gangur. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., þvotta-herbergi, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi, stigagangur, anddyri og for-stofa. Steinsteyputröppur eru við húsið, undir þeim er inngangur í kjallar-ann og geymsluherbergi. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.

Stærð hússins: L. 9.0 m. br. 7.5 m. h. 3.0 m. ris 1.6 m. kjh. 2.5 m.

" útskots: L. 3.9 m. br. 1.0 m. h. 3.0 m. ris 1.6 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....

72.880.-

Gata og númer:

S a m t ú n 26.

Möt framkvæmd: (1/5/1943.)	Metið kr.
<p>Ibúðar-, brauðgerðar- og verzlunarhús, einlýst, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. I húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á utveggjum eru vikurplötur og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og olíumálaðar innan. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús búr, baðherbergi m/v.s., stigagangur, forstofa og anddyri. I kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, sölubúð, bókunarherbergi, geymsluherbergi, v.s., þvotta-herbergi og 3 gangar. I rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, v.s. og gangur, allt þiljað innan með gipsplötum og vatnsmálað. Veggpallur er á húsinu og undir honum brauðgerðarherbergi. Steinsteyputröppur eru við húsið, undir þeim eru 2 gangar inn í kjallarann. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi. Stærð: L. 9.2 m. br. 8.3 m. h. 2.7 m. ris 2.5 m. kjh. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	78.990 ^v -
<p><u>Virt 30/9. 1962.</u></p> <p>Frá síðasta mati 1/5 1943, breytist húsið þannig, að byggt er út á svalir og stækkar stofa um það, sem því nemur.</p> <p>Þakhæð hefur verið lyft og byggt ofan á úr timbri. Þar eru nú 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/tilheyrandi og gangur. Allt málað og dúklagt. Innbyggðir skápar. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum.</p> <p>Kjallari er óbreyttur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 9.2 m., br. 8.3 m., h. 2.7 m., kjh. 2.7 m. " 9.2 " " 7.0 " " 2.8 " " = 592.66 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr.</p>	711.000.-

Gata og númer:

S a m t ú n 28.

Möt framkvæmd: 10/4/1945.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, einlyft, með risi, byggt úr bindingi á steinsteyptum kjallara, með þaki úr borðum, pappa og bárujárni. Utan á binding er klætt með borðum, pappa, vírneti og skeljasandi og múrhúðað yfir. 2 timburloft og stigar eru úr timbri, en kjallaragólf steinsteypt. Innan á útveggjum er pappi á rimlum og trétex klætt yfir og öll íbúðarherbergin ýmist veggfóðruð eða máluð og að mestu dúkar á gólfum. Í aðalhæðinni eru 3 herbergi, eldhús, gangur, v.s. og inngangur. Í rishæðinni eru 2 herbergi og gangur. Skilrúm í húsinu eru úr binding, klædd trétexi. Í kjallara er klætt innan á útveggi með asbestplötum. Skilrúm eru að mestu steyp. Herbergi eru ýmist veggfóðruð eða máluð. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur, þvottahús og geymsla.</p> <p>Stærð: L. 9.0 m. br. 7.2 m. h. 2.8 m. kjh. 2.4 m. ris 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>78.300.-</p>

Gata og númer:

S a m t ú n 30.

Möt framkvæmd: 1/12/1942.

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum og pappa og múrhúðað á, veggjum og með steinskífupaki. Skeljasandur er í múrhúðinni. Gólf yfir kjallara eru úr járnbentri steinsteypu, en sjálft kjallaragólfíð og skilveggir hans eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum kjallarans og aðalhæðarinnar er borðagrind með pappa, listum og þiljum þar innan á. Skilveggir hæðarinnar eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum og allar íbúðir hússins eru vírlagðar, múrsléttar og málaðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., steypibaðklefi, 3 fastir skápar, anddyri og gangur. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, anddyri og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið, undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi.

Stærð: L. 7.7 m. br. 7.5 m. h. 2.8 m. ris 1.8 m. kjh. 2.3 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

60.640.-

Gata og númer:

S a m t ú n 32.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi og með járnþaki á pappa og borðasúð. Útveggjabindingur er klæddur utan með borðum, pappa og vírneti og múrhúð úr skeljasandi. Í útveggjabindingi er pappalag, listar og vírlagðar þiljur og allar íbúðir hússins eru múrhúðaðar og olíumálaðar. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., steypibaðklefi, anddyri, forstofa og þvotta og miðstöðvarherbergi. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi.

Stærð: L. 7.7 m. br. 7.5 m. h. 2.8 m. ris 1.8 m. kjh. 2.3 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

45.260.-

Möt framkvæmd: 1/5/1943.

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu með jarnþaki á pappa og borðasúð. Gólf yfir kjallara er úr jarnbentri steinsteypu. Innan á útveggjum aðalhæðarinnar eru vikurplötur en íbúð kjallarans er þiljuð innan á útveggi og vírlögð og íbúðir hússins eru allar múrsléttaðar og olíumálaðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., 2 fastir skápar, stigagangur, fatakrókur, anddyri og 2 gangar. Í kjallarannum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðklefi m/v.s., steypu, þvott- og miðstöðvarherbergi, geymsluskápur, anddyri og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er geymsluklefi og inngangur í kjallarann. Húsið er múrhúð utan með skeljasandi.

Stærð: L. 8.5 m. br. 8.0 m. h. 2.8 m. ris 1.3 m. kjh. 2.4 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

67.380.-

Möt framkvæmd: 1/11/1942.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, vírneti og múrhúð á veggjum og með járnþaki á pappa og borðasúð. I útveggjabindingi er pappalag og þiljað er innan á hann með panel. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum þiljum. I íbúðarherbergjum kjallarans eru einnig þiljur innan á útveggjunum og allar íbúðir kjallarans og hæðarinnar eru vírlagðar, múrsléttað og olíumálaðar innan. I aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 steypibaðklefi m/v.s., 2 geymsluherbergi, 2 miðstöðvarherbergi og þvottaherbergi, 2 anddyri og 2 stigagangar. Tvennar steinsteyputröppur eru við húsið. Undir hvorum fyrir sig er inngangur í kjallarann og geymsluklefi. Steinsteypugólf er í aðalhæðinni. Gólfborð eru á risbitalögum. Þar uppi er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>75.540.-</p>
<p><u>Virt: 24/6/1965</u></p> <p>Frá síðasta mati 1/11/1942, hafa verið gerðar ýmsar endurbætur innan húss. Sett nýtt baðherbergi með rkerlaug, v. s. og handlaug. Húsið, óskast metið til samræmis við hækkandi verðlag.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 9.4 m., br. 8.5 m., h. 2.8 m., ris 1.5 m., kj. 2.5 m. = 479.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>kr. 886.000.-</p>
<p><u>Virt: 24/9 1979.</u></p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar endurbætur á húsinu. Nýtt bað hefur verið sett upp, nýtt á gólfi, nýjar viðarklæðningar á veggjum og margar aðrar breytingar hafa verið gerðar.</p> <p>Stærð hússins er óbreytt frá síðasta mati eða = 479 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>kr. 22.513.000.-</p>

Gata og númer:

S a m t ú 38.

Möt framkvæmd: 1/10/1943.

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og skeljaðri múrhúð á vírneti. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og asbestplötum. I skilveggjum er plankagrind með tvöföldum trétexpiljum og þiljað er einnig innan á útveggi með trétex og allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. I aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., búr, anddyri og gangur. I kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, miðstöðvarherbergi og þvottaherbergi, 2 geymsluherbergi, skápur, anddyri og gangur. Steinsteypuþröppur eru við húsið, undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi.

Stærð: L. 8.5 m. br. 8.3 m. h. 2.9 m. ris 1.5 m. kjh. 2.4 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

66.310.-

Gata og númer:

S a m t ú n 40.

Möt framkvæmd: 10/12/1947.

Metið kr.

Ibúðar- og ljósmyndagerðarhús, 1 hæð, valmaris og kjallari, byggt úr steinsteypu að öllu leyti, nema að risloft er úr timbri, utan er húsið skel-
húðað, en klætt innan vikurplötum og spónasteypu að nokkru. Þak er úr timbri,
pappa og báruasbesti. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi
m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og 2 fastir skápar, allt múrhúðað, og
málað og dúklagt. Á þakhæð er geymsla. Í kjallara er eitt íbúðarherbergi,
2 stórar ljósmyndastofur, 3 smáherbergi tilljósmyndagerðar, miðstöðvar- og
þvottaherbergi, 2 gangar, v.s. m/handlaug, smágeymsla, allt múrhúðað og olíu-
málað, olíukynding.

Stærð hússins : L 10.5 m., br. 8.3 m., h. 2.7 m., ris 1.5 m., kj. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

164.500.-
=====

Möt framkvæmd: 21/4/1943.

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu með asbest-paki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á. Loft eru úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Allar íbúðir hússins eru múr-sléttar innan og olíumálaðar. I aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., fataskápur, forstofa og anddyri. I kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, þvottahús, 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, v.s., anddyri og gangur. Veggpallur er við húsið og steinsteyputröppur. Undir þeim er geymsluherbergi. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.

Stærð: L. 9.5 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.7 m. kjh. 2.4 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

79.670.-

Gata og númer: SELJABRAUT 12

Möt framkvæmd: 25.03.80.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhuðað að utan og með bárujárnspaki. Húsið er 2 hæðir og kjallari. Vísað er til lýsingar á Seljabraut nr. 14 og 18.</p> <p><u>Stærð hússins:</u> Samtals 570 m³. Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	45.919.000,00
<p>(</p> <p><u>Virt:22/6.1981.</u> Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið, hann er steinsteypur og 82 m³ að stærð. Skúrin ásamt tilheyrandi er virtur á.....</p>	kr. 51.168.-

Gata og númer:

SELJABRAUT 14

Mót framkvæmd: 02.10.79.	Metið kr.
Sjá lýsingu á Seljabraut nr. 18. Stærð hússins 570 m ³ . Húsið með tilheyrandi er metið á	21.680.000,00
<u>Virt:22/6.1981.</u> Frá síðasta mati hefur verið byggur bílskúr við húsið,hann er steinsteyptur og 82 m ³ að stærð. Skúrinn ásamt tilheyrandi er virtur á.....kr	51.168,-

Gata og númer: SELJABRAUT 16

Möt framkvæmd: 22.06.81.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús.	
Vísað er til lýsingar á Seljabraut nr. 12.	
<u>Stærð hússins:</u>	
Samtals 570 m ³	698.250,00
" 82 m ³	51.168,00
Húsið með tilheyrandi er metið á	749.418,00

Gata og númer: SELJABRAUT 18

Möt framkvæmd: 24.04.79.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétt-húðað að utan og málað, með bárujárnsþaki. Húsið er 3 hæðir.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, 1 íbúðarherbergi, geymsla, föndurherbergi, sjónvarpsherbergi, ófullgerð.</p> <p>Á 2. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók og þvotta-herbergi, ófullgerð.</p> <p>Á 3. hæð eru 2 íbúðarherb., baðherb. með kerl., v.s. og handlaug. Ófullgerð. Allt málað, en vantar innréttingar. Ca. 65-70% búíð.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 6,40 m., br. 11,00 m., h. 5,50 m. kj. 2,60 m. Samtals 570 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á 21.650.000,00</p>	21.650.000,00
<p><u>Virt:22/6.1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið, hann er steinsteypur og 82 m³ að stærð.</p> <p>Skúrinn ásamt tilheyrandi er virtur á.....kr. 51.168.-</p>	51.168.-

Gata og númer: SELJABRAUT 20

Möt framkvæmd: 22.06.81.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu. Vísað er til lýsingar á Seljabraut nr. 12.</p>	
<p><u>Stærð hússins:</u></p>	
<p>Samtals 570 m³</p>	698.250,00
<p>" 82 m³</p>	51.168,00
<p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	749.418,00

Gata og númer: Seljabraut 22

Möt framkvæmd: 12. júlí 1977	Metið kr.			
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 3 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti og glerull. Hraunað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús. 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaug. Svalir. Innbyggðir skápar. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð.</p> <p>2.hæð: Eins og 1.hæð, nema þvottahús og búr.</p> <p>3.hæð: Þar er stigahús, forstofa, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler er tvöfalt í gluggum. Gólf dúklögð.</p> <p>Þakhæð: Þar eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Þvottaherbergi og geymsla.</p> <p>Kjallari: Þar eru 6 geymslur, sameiginleg hjólageymsla og sorpgeymsla. Þvottaherbergi, 1 vs., 1 handlaug.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 16,00 m., Br. 13,30 m., H. 8,2 m., Kj. 2,7 m.</td> <td rowspan="2">} = 2.851 m³</td> </tr> <tr> <td>L 16,00 m., Br. 7,90 m., H. 2,70 m., Ris 3,00 m.</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. <u>65.912.000.-</u></p>	L 16,00 m., Br. 13,30 m., H. 8,2 m., Kj. 2,7 m.	} = 2.851 m ³	L 16,00 m., Br. 7,90 m., H. 2,70 m., Ris 3,00 m.	
L 16,00 m., Br. 13,30 m., H. 8,2 m., Kj. 2,7 m.	} = 2.851 m ³			
L 16,00 m., Br. 7,90 m., H. 2,70 m., Ris 3,00 m.				
<p><u>Virt:22/6.1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hafa verið byggðir átta bílskúrar við húsið, þeir eru steinsteypdir og er hver skúr 82 m³ að stærð.</p> <p>Hver skúr ásamt tilheyrandi er virtur ákr. <u>51.168.-</u></p>				

Gata og númer: Seljabraut 24

Möt framkvæmd: 17.nóv. 1975

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 3 hæðir, $\frac{1}{2}$ ris og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.

1.hæð: Þar er anddyri, stigahús, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók. 2 baðherbergi með kerlaug, 1 steypa, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, veggfóðraðir og viðarklæddir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. Auk þess eru 2 þvottahús og 2 búr.

2.hæð: Eins og 1.hæð.

3.hæð: Þar eru 2 skálar, 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. 2 þvottahús, 2 búr.

Þakhæð: Þar eru 6 íbúðarherbergi og baðherbergi með tilheyrandi.

Í kjallara: Þar eru 3 bílageymslur með vinnuástöðu, sorpgeymsla. 6 geymslur, hjólageymsla, þurrkherbergi.

Stærð hússins:

L 16,00 m., Br. 13,30 m., H. 8,2 m., Kj. 2,70 m.	} = 2.851 m ³
Þak L 16,00 m., Br. 7,90 m., H. 2,7 m., Ris 3,0 m.	

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 38.489.000.-

Virt:22/6.1981.

Frá síðasrsta mati hafa verið byggðir sex bílskúrar við húsið, þeir eru steinsteyptir og er hver skúr 82 m³ að stærð.

Hver bílskúr ásamt tilheyrandi er virtur ákr. 51.168.-

Gata og númer: Seljabraut 26

Möt framkvæmd: 10.maí 1978	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið er eins og Seljabraut 32 og vísast til þeirrar lýsingar. Stærð hússins: L 6,40 m., Br. 12,00 m., H. 7,80 m. = 599 m³ Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.</p>	<p>20.773.000.-</p>
<p><u>Virt:22/6.1981.</u> Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið, hann er steinsteptur og 82 m³ að stærð. Skúrinn ásamt tilheyrandi er virtur á.....kr.</p>	<p>51.168.-</p>

Gata og númer: Seljabraut 28

Möt framkvæmd: 26.maí 1978	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið er eins og Seljabraut 32 og vísast til þeirrar lýsingar.</p> <p>Stærð hússins: L 6,40 m., Br. 12,00 m., H. 7,80 m. = 599 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 20.773.000.-</p>	
<p><u>Virt:22/6.1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið, hann er steinsteyptur og 82 m³ að stærð.</p> <p>Skúrinn ásamt tilheyrandi er virtur á.....kr. 51.168.-</p>	

Gata og númer: SELJABRAUT 30

Mót framkvæmd: 27.05.81.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús.	
Vísað er til lýsingar á Seljabraut nr. 32.	
<u>Stærð hússins:</u>	
Samtals 599 m ³	733.775,00
" 82 m ³	51.168,00
Húsið með tilheyrandi er metið á	784.943,00

Möt framkvæmd: 14. júní 1977	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er $2\frac{1}{2}$ hæð er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti og gosull. Óhúðað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, forstofa, skáli, 3 íbúðarherbergi, 1 vs., 1 handlaug. Veggir eru málaðir innan, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf máluð. Þvottahús er á hæðinni.</p> <p>2.hæð: Þar er stigi, 2 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. Svalir. Veggir eru málaðir innan, stigahús allt klætt viði. Harðviðar hurðir. Dúkur á eldhúsi. Búr er á hæðinni.</p> <p>3.hæð: Þar er skáli 2 íbúðarherbergi, 1 baðherbergi með kerlaug, steypi-bað, 1 vs., 1 handlaug. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.</p> <p>Stærð hússins: L 6,40 m., Br. 12,00 m., H. 7,80 m. = 599 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. <u>15.387.000.-</u></p>	
<p><u>virt:22/6.1981.</u></p> <p>frá síðarsta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið, hann er steinsteypdur og 82 m³ að stærð.</p> <p>Skúrin ásamt tilheyrandi er virtur á.....kr. <u>51.168.-</u></p>	

Gata og númer: SELJABRAUT 34

Möt framkvæmd: 22.06.81.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús.	
Vísað er til lýsingar á Seljabraut nr. 32.	
<u>Stærð hússins:</u>	
Samtals 599 m ³	733.775,00
" 82 m ³	51.168,00
Húsið með tilheyrandi er metið á	784.943,00

Möt framkvæmd: 14.des. 1976	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 4 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, steypa, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og viðarklæddir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig parket á gólfum og máluð gólf. 2 þvottaherbergi eru á hæðinni.</p> <p>2.hæð: Þar er stigahús, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 steypiböð, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og viðarklæddir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket á gólfum og máluð gólf. Þvottaherbergi.</p> <p>3.hæð: Eins og 2.hæð.</p> <p>4.hæð: Þar eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 steypiböð, 2 vs., 2 handlaugar. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og viðarklæddir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf dúklögð, einnig er parket og máluð gólf.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, þvottaherbergi, 8 geymslur, leikherbergi, hól- og vagnageymsla, sorpkelfi. Veggir eru málaðir, gler tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. 2 innbyggðir bílskúrar í kjallara.</p> <p>Stærð hússins: L 16,00 m., Br. 13,37 m., H. 8,40 m. Kj.L 16,00 m., Br. 11,43 m., Kj. 2,6 m. } 2876m³ L 16,00 m., Br. 8,97 m., H. 2,70 m., Ris 3,00 m.)</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	53.206.000.-

Möt framkvæmd: 21. apríl 1977	Metið kr.					
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 4 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Hraunað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárni. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum. 2 baðherbergi með kerlaugum, steypiböðum, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir innan, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar og málaðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig er parket. 2 þvottahús eru á hæðinni.</p> <p>2.hæð: Eins og 1.hæð.</p> <p>3.hæð: Eins og 1.hæð.</p> <p>Þakhæð: Þar er stigahús, 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrókum. 2 baðherbergi með kerlaugum, 2 steypiböð, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, viðaklæðningar eru einnig á veggjum. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir og málaðar. Gólf eru dúklögð og einnig er parket á gólfum.</p> <p>Kjallari: Þar eru 2 tómtundaherbergi, 8 geymslur og sameiginleg vagna- og hjólageymsla, sorpgeymsla. Bílskúrar eru 2 innbyggðir í kjallara. Málaðar hurðir, gler eru tvöföld í gluggum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 16,00 m., Br. 13,37 m., H. 8,40 m.</td> <td rowspan="3" style="font-size: 3em; vertical-align: middle;">}</td> <td rowspan="3" style="vertical-align: middle;">= 2.876 m³</td> </tr> <tr> <td>L 16,00 m., Br. 11,43 m., Kj. 2,6 m.</td> </tr> <tr> <td>L 16,00 m., Br. 8,97 m., H. 2,70 m., Ris 3,00 m.</td> </tr> </table>	L 16,00 m., Br. 13,37 m., H. 8,40 m.	}	= 2.876 m ³	L 16,00 m., Br. 11,43 m., Kj. 2,6 m.	L 16,00 m., Br. 8,97 m., H. 2,70 m., Ris 3,00 m.	
L 16,00 m., Br. 13,37 m., H. 8,40 m.	}			= 2.876 m ³		
L 16,00 m., Br. 11,43 m., Kj. 2,6 m.						
L 16,00 m., Br. 8,97 m., H. 2,70 m., Ris 3,00 m.						
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p><u>66.508.000.-</u></p>					

Gata og númer: Seljabraut 40

Möt framkvæmd: 30.nóv. 1976	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 3 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Hraunhúðað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús. 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir að hluta. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. 2 þvottaherbergi.</p> <p>2.hæð: Eins og 1.hæð, nema parket er á skála.</p> <p>3.hæð: Þar eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi með kerlaug. 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.</p> <p>Þakhæð: Þar er stigi, 1 íbúðarherbergi. Þakhæð tilheyrir íb.3.hæðar.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, þurrkherbergi, kyndiklefi, 7 geymslur og sameiginleg barnavagnageymsla og sorpklefi. 1 steypa, 1 vs., 1 handlaug. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir og einnig málaðar. Gólf máluð.</p> <p>Stærð hússins: L 16,00 m., Br. 13,63 m., H. 9,00 m., Kj. 2,70 m. = 2.552 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>47.212.000.-</p>

Gata og númer: Seljabraut 42

Möt framkvæmd: 22.nóv. 1976	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 3 hæðir og ris, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Hraunpússað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir að hluta. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, sóllitað gler. 2 þvottaherbergi.</p> <p>2.hæð: Eins og 1.hæð nema parket á skála.</p> <p>3.hæð: Þar er allt eins og 1.hæð, nema 6 íbúðarherbergi. Frágangur eins.</p> <p>Þakhæð: Þar er 1 íbúðarherbergi, hæðin tilheyrir 3.hæð.</p> <p>Kjallari: Þar eru 7 geymslur+sameiginleg geymsla og sorpklefi fyrir húsið. 1 steypa, 1 vs., 1 handlaug. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir, einnig málaðar hurðir. Þurrkklefi og kyndiklefi.</p> <p>Stærð hússins: L 16,00 m., Br. 13,63 m., H. 9,00 m., Kj. 2,70 m. = 2552 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>47.212.000.-</p>

Gata og númer: Seljabraut 44

Möt framkvæmd: 31. okt. 1975	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 2 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Hraunað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er allt ófullgert.</p> <p>Þakhæð: Ófullgerð.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, fjölskylduherbergi, 2 geymslur, 1 vs., 1 handlaug, föndurherbergi. Gler er tvöfalt, hurðir ekki komnar. Þvotta-herbergi.</p> <p>Stærð hússins: L 6,40 m., Br. 11,38 m., H. 5,17 m. Kj. 2,7m. = 573 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 5.730.000.-</p> <p style="text-align: right;">=====</p>	

Gata og númer: Seljabraut 46

Möt framkvæmd: 2.feb. 1977	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1- 2 hæðir er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita. Kjallari er í húsinu.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, stigi, 2 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.</p> <p>2.hæð: Þar er skáli, 2 íbúðarherbergi, 1 baðherbergi með kerlaug, 1 vs., 1 handlaug. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, 1 íbúðarherbergi, 1 vs., 1 handlaug. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Hurðir málaðar. 1 þvottahús og geymsla.</p> <p>Stærð hússins: L 6,4 m., Br. 11,38 m., H. 5,17 m., Kj. 2,70 m. = 573 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. <u>14.719.000.-</u></p>	

Gata og númer: Seljabraut 48

Möt framkvæmd: 4.mars 1977	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið er eins og nr. 46 við Seljabraut og vísast til þeirrar lýsingar.</p> <p>Stærð hússins: L 6,40 m., Br. 11,38 m., H. 5,17 m. Kj. 2,70 m. = 573 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>14.719.000.-</p>

Gata og númer: Seljabraut 50

Möt framkvæmd: 6. júlí 1978	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið er einsog Seljabraut nr. 48 og vísast til þeirrar teikningar og lýsingar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 6,40 m., Br. 11,38 m., H. 5,17 m., Kj. 2,70 m. = 573 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. <u>19.871.000.-</u></p>	

Gata og númer: Seljabraut 52

Möt framkvæmd: 12.okt. 1976	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 - 2 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti og glerull. Slétthúðað og hraunað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, stigi, 2 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. Svalir. Innbyggðir skápar. Búr. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf dúklögð, hurðir harðviður einnig málaðar hurðir. Korkur á eldhúsi.</p> <p>2.hæð: Þar er stigi, skáli, 2 íbúðarherbergi, 1 baðherbergi með kerlaug, vs., handlaug. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gólfdukur á sumum veggjum. Gler eru tvöföld í gluggum. Hurðir málaðar. Gólfdukur á gólfum.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, vs., handlaug. Gler eru tvöföld í gluggum. Þvottaherbergi, geymsla, föndur og fjölskylduherbergi.</p> <p>Stærð hússins: L 6,40 m., Br. 11,38 m., H. 5,17 m., Kj. 2,70 m. = 573 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>11.775.000.-</p>

Gata og númer: SELJABRAUT 54

Möt framkvæmd: 19.04.79.	Metið kr.
<p>Nýtt verslunar- og skrifstofuhús byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúðað að utan og með bárujárnsþaki. Húsið er 2 hæðir.</p> <p>Á 1. hæð er verslun, vörugeymslur, anddyri, kaffistofa, snyrting, kæliklefar, frystir, terrase á gólfi, veggir málaðir, málaðar hurðir, tvöfalt gler.</p> <p>Á 2. hæð er skáli, skrifst.herbergi, 2 samkomusalir, eldhús, setustofa, snyrting. Parket er á gólfi, viðarkl. veggir, tvöfalt gler og harðvirðarhurðir.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 50.25 m., br. 7,00 m., h. 7,00 m.</p> <p>" 50.25 m., " 8,00 m., " 4,80 m. Samtals 4.392 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	<p>241.560.000,-</p>

Gata og númer: SELJABRAUT 62

Möt framkvæmd: 31.05.79.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhuðað að utan og málað, og með bárujárnspaki. Húsið er 2 hæðir og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, forstofa, 2 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherb. með v.s. og handlaug, svalir, innbyggðir skápar eru. Veggir og gólf eru máluð. Tvöfalt gler er í gluggum. Harðviðarhurðir.</p> <p>Á 2. hæð er stigahús, 4 íbúðarherbergi, baðherb. með kerlaug, steypu, v.s. og handlaug, svalir eru og innbyggðir skápar. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðviði. Gólf og veggir eru máluð.</p> <p>Í kjallara er íbúðarherbergi, þvottahús og geymsla.</p> <p><u>Stærð hússins:</u> L. 6,40 m., br. 12,00 m., h. 5.50 m., ris 1,20 m., kj. 2.52 m. Samtals 662 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	<p>35.086.600,00</p>

Gata og númer: SELJABRAUT 64

Mót framkvæmd: 11.06.81.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús á tveim hæðum og kjallara.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, skáli, 2 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, baðherb. með v.s. og handlaug. Svalir eru.</p> <p>Á 2. hæð er stigahús, 4 íbúðarherbergi, baðherb. með kerlaug, steypu, v.s. og handlaug. Svalir eru. Einnig er á hæðinni fataherbergi.</p> <p>Í kjallara er baðherb. með steypu, v.s. og handlaug. Einnig er þvottah. og 4 geymslur og sauna.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>Samtals 676 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	<p>828.100,00</p>

Gata og númer: SELJABRAUT 66

Möt framkvæmd: 26.05.81.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Vísað er til lýsingar á Seljabraut nr. 62. <u>Stærð hússins:</u> Samtals 662 m ³ . Húsið með tilheyrandi er metið á	810.950,00

Gata og númer: Seljabraut 72

Möt framkvæmd: 18.maí 1978	Metið kr.
<p>Húsið er eins og nr. 74 við Seljabraut og vísast til þeirrar lýsingar. Stærð hússins: 2.336 m³ Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.</p>	<p>72.928.000.-</p>

Gata og númer: Seljabraut 74

Möt framkvæmd: 20.okt. 1977	Metið kr.			
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 3 hæðir og kjallari er byggt úr steinsteypu einangrað með plasti. Slétthúðað utan og málað. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 2 forstofur, 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. Búr og þvottahús er á hæðinni fylgjandi annarri íbúðinni.</p> <p>2.hæð: Þar er stigahús, 2 forstofur, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 steypiböð, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. Þvottahús og búr.</p> <p>3.hæð: Eins og 2.hæð.</p> <p>Kjallari; Þar eru 6 geymslur og föndurherbergi. Sorpgeymsla. Bílgeymslur óbyggðar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 16,00 m., Br. 13,79 m., H. 8,2 m., Ris 1,10 m.</td> <td rowspan="2">} = 2.336 m³</td> </tr> <tr> <td>L 16,00 m., Br. 9,73 m., Kj. 2,6 m.</td> </tr> </table>	L 16,00 m., Br. 13,79 m., H. 8,2 m., Ris 1,10 m.	} = 2.336 m ³	L 16,00 m., Br. 9,73 m., Kj. 2,6 m.	
L 16,00 m., Br. 13,79 m., H. 8,2 m., Ris 1,10 m.	} = 2.336 m ³			
L 16,00 m., Br. 9,73 m., Kj. 2,6 m.				
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	<u>kr. 54.020.000.-</u>			

Gata og númer: SELJABRAUT 78

Möt framkvæmd: 10.02.81.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhúðað að utan og með bárujárnsþaki. Húsið er 2 hæðir og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, stofa, skáli, eldhús með borðkrók, baðherb. með v.s. og handlaug. Innbyggðir skápar ókomnir. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru ókomnar. Veggir eru málaðir og dúkur á gólfin ókominn. Einnig er á hæðinni búr.</p> <p>Á 2. hæð er stigi, forstofa, 4 íbúðarherbergi, baðherb. með kerlaug, steypu, v.s. og handlaug. Svalir eru. Innbyggðir skápar ókomnir. Hurðir eru málaðar. Veggir eru málaðir eða með strigaveggfóðri. Einnig er sturtuklefi og fataherbergi á hæðinni.</p> <p>Í kjallara, sem er aðeins fokheldur eru 3 íbúðarherbergi, baðherb. með v.s. og handlaug. Einnig er í kjallara þvottah. Hjólageymsla er undir tröppum og saunaklefi.</p> <p><u>Stærð hússins:</u> L. 6,40 m., br. 12,00 m., h. 5,60 m., ris 1,00 m., kj. 2,65 m. Samt. 595m³ Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	728.875,00

Gata og númer: SELJABRAUT 80

Möt framkvæmd: 13.05.81.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með glerull og plasti, múrhúðað að utan og með bárujárnspaki. Húsið er 2 hæðir og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, skáli, 2 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, baðherb. með v.s. og handlaug. Innbyggðir skápar eru. Hurðir eru úr harðvið. Tvöfalt gler er í gluggum. Veggir eru málaðir og gólfín dúklögð. Auk þess er búr inn af eldhúsi.</p> <p>Á 2. hæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherb. með kerl., steypu, v.s og handlaug. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið. Veggir eru málaðir.</p> <p>Í kjallara er föndurherb., baðherb. með steypu, v.s. og handlaug. Einnig er þvottah. og 3 geymslur og sauna. Veggir eru málaðir.</p> <p><u>Stærð hússins:</u> L. 6,40 m., br. 12,00 m., h. 5,50 m., ris 1,20 m., kj. 2.52 m. Samt. 662m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	810.950,00

Gata og númer: Seljaland 3

Möt framkvæmd: 31.maí 1972	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 2 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappiog bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, 1 steypa, 2 V.S., 2 handlaugar. Svalir Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, veggfóðraðir, viðarklæddir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. 2 þvottahús og 2 búr.</p> <p>2.hæð: Þar er stigahús, annars eins og 1.hæð.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, stigi, gangur, 4 íbúðarherbergi, 2 V.S., 2 handlaugar, málaðir veggir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. Auk þess 1 þvottaherbergi, 5 geymslur. 1 sameiginleg barnavagnageymsla og sorpklefi.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 18,00 m., Br. 11,00 m., H. 5,8 m., Ris 1,3 m., Kj. 2,5 m. L 2,20 m., Br. 2,70 m., H. 2,7 m.</p> <p style="text-align: right;">Samtals 1.788 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p style="text-align: right;">8.354.000.-</p>

Gata og númer: Seljaland 5

Möt framkvæmd: 25. apríl 1973	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 3 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Múrhúðað og mála ð utan. Þakið er bárujárnsþak, lagt á timburgrind og pappa.</p> <p>1.hæð: Þar eru 4 íbúðarherbergi, anddyri, 4 geymslur, þvottahús, barnavagnageymsla og sorpgeymsla. Tvöföld gler í gluggum. Harðviðar hurðir. Veggir málaðir og gólf, einnig dúklögð gólf.</p> <p>2.hæð: Þar er stigahús, 2 forstofur, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf dúklögð og máluð.</p> <p>3.hæð: Eins og 2.hæð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p style="padding-left: 40px;">L 18,00 m., Br. 11,00 m., H. 5,8 m., Ris 1,3 m., Kj. 2,5 m. = 1788 m³</p> <p style="padding-left: 40px;">L 2,20 m., Br. 2,7 m., H. 2,7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>11.027.000.-</p>

Gata og númer: Seljaland 7

Möt framkvæmd: 16.maí 1973	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 3 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Múrhuðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 4 íbúðarherbergi, 4 geymslur, þvottahús og barnavagnageymsla, ennfremur sorpgeymsla. Tvöföld gler í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf dúklögð og máluð. Veggir eru málaðir.</p> <p>2.hæð: Þar er stigahús, 2 forstofur, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru máluð og dúklögð.</p> <p>3.hæð: Eins og 2.hæð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p style="padding-left: 40px;">L 18,00 m., Br. 11,00 m., H. 5,8 m., Ris 1,3 m., Kj. 2,5 m. = 1788 m³</p> <p style="padding-left: 40px;">L 2,20 m., Br. 2,7 m., H. 2,7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>11.027.000.-</p>

Gata og númer:

Seljalandsvegur. (Krlmbl. 15)

Möt framkvæmd: (1/12/1940.) 10/11/1959.	Metið kr.
a. Íbúðarskúr, úr bindingi, en þak er úr bárujárnri á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Stærð: L. 7.7 m. br. 4.8 m. h. 2.9 m. skápak. Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	7.736.-
b. Fjós og heyhlaða er byggð úr torfi og grjóti á 3 vegu, en framhliðin og þakið er úr tré, járnvarið. Þar er fjós, fuglahús, geymsluklefi og heyhlaða. Stærð: L. 9.7 m. br. 4.6 m. h. 2.0 m. skápak. Húsið er virt á.....	3.115.-
	Samtals 10.851.-
=====	
Virt 10/11/1959.	
Frá síðasta mati 1/12 1940, hafa eldri húsin verið rifin og nýtt íbúðarhús byggt, ein hæð og ris. Er það hlaðið úr vikursteini, einangrað með timbri og múrhúðað, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárnri. Á 1. hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru málaðar og tvöfalt gler er í gluggum. Í þakhæð er óinnréttuð geymsla. Í kjallara er þvottahús og kyndiklefi m/kolamiðstöð. Stærð hússins: L. 9.85 m., br. 10.0 m., h. 2.8 m., ris 1.8 m. = 364.45 m ³ . Húsið með tilheyrandi er metið á	kr. 335.300.-

Gata og númer:

Seljavegur 2 (Vélsmiðjan Héóinn.)

Möt framkvæmd: a.1/5/1943. b og c 25/10/1945. d. 9/3/1948 A.ogB.15/5/1953.	Metið kr.
<p>A. Vélsmiðju- og skrifstofuhús, byggt þannig að meginhluti þess er tvílyft, en annar endi þess er þó þrílyft, með turni. Allt er það undir jafnháu risi og kjallari er undir litlum hluta þess. Húsið er byggt úr steinsteypu og með eternitþaki á langböndum og þiljað er innan á sperrur með asbestplötum. Allir stigar og loft eru úr járnþentri steinsteypu nema skrifstofustigar, sem eru úr tré. Skrifstofuhæðirnar eru þiljaðar innan á útveggi með teackviði á borða-grind og skilveggir þar eru úr tré, báðar þessar hæðir eru olíumálaðar innan. Neðsta hæð þessa hluta hússins er enn ósundurhólfuð geymsla. Í neðri hæð tvílyfta hluta hússins eru 2 stórir vinnu og vélasalir, opinn bifreiðagangur í gegnum hæðina, lyftuklefi og stigagangur. Í efri hæðinni eru einnig 2 efnisgeymslu- og vinnusalir, verkstjórahæðbergi, kaffistofa, fataherbergi með mörgum skápum, 2 steypibaðklefar og 2 v.s. og gangur. Rishæðin er ósundurhólfuð efnisgeymsla, nema turninn, sem er sérstakt herbergi, þiljað, vírlagt og olíumálað innan. Í hvori skrifstofuhæðanna fyrir sig eru 4 skrifstofur, snyrtiklefi, v.s., fataskápur, anddyri, gangur. Í kjallara er geymsluherbergi og miðstöðvarherbergi.</p> <p>Stærð verksmiðjuhúss: Meðall. 56.4 m. br. 12.0 m. h. 7.3 m. ris 2.4 m. " skrifstofuhúss: Meðall. 22.4 m. br. 7.8 m. h. 9.0 m. ris 2.4 m. " kjallara: L. 7.0 m. br. 5.7 m. h. 1.8 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	941.770.-
<p>b. Plötusmiðja og efnisgeymsla er byggð á sömu lóð úr steinsteypu með járnsperruþaki, klæddu asbesti. Loft er yfir nokkrum hluta þess, úr járnþentri steinsteypu er hvílir á 6 járnþentum súlum og burðarbitum. Þar niðri er efnisgeymsla, en uppi er einn salur. Í vesturenda er afþiljuð kaffistofa og fata-klefi með masoniteþiljum. Þar eru og margir fataskápar úr sama efni og v.s. Hinn hlutinn er plötusmiðja. 6 stórar hurðir eru á austurhlið. Húsið er hitað með lofti.</p>	
Stærð: Meðall. 29.0 m. br. 20.8 m. meðalh. 6.5 m. ris 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	180.500.-
<p>c. Afast við þetta hús er eldsmiðja úr steinsteypu með þaki úr járnsperrum klæddu asbesti. Hún er ósundurhólfuð.</p>	
Stærð: L. 8.8 m. br. 6.5 m. h. 6.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	82.300.-
Samtals	1.204.570.-

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 9/3/1948 d.	Metið kr
Járnsmiðja, 2 hæðir og ris og útbygging, 1 hæð með flötu þaki, byggð úr steinsteypu, á að sementkústast, án einangrunar og með þaki úr járnspernum, timbri, pappa og asbesti. Neðri hæðin er einn sálur, kústaður innan, er nær í gegnum aðalhúsið og útbygginguna. Efri hæðin er eins og hin, þar er ekki steipt loft yfir. Þakhæðin er opin upp úr, en steinsteipt þak yfir útbyggingunni. Lofthitun.	
Stærð hússins : L 41.0 m., br. 18.0 m., h. 11.0 m., ris 3.1 m.	
" útbygg. : L 8.8 m., br. 15.2 m., h. 5.2 m., slétt.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	1.190.400.-
(Járnsmiðjan)	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	1.204.570.-
	<hr/>
Samtals.....	2.394.970.-
<hr/>	
<u>Virt 15/5/1953.</u>	
Húsin eru óbreytt frá síðasta mati 1. maí 1943 og 9. marz 1948, en þykja of hátt metin.	
A. Vélsmiðja: Ml. 56.4 br. 12.0 h. 7.3 ris 2.4 = 5752.80 m ³	
" " : " 22.4 br. 7.8 h. 9.0 ris 2.4 = 1782.14 m ³	
" " : " 7.0 br. 5.7 h. 1.8 = 71.82 m ³	
.....	7606.76 m ³
Húsið, ásamt viðbyggingum og tilheyrandi, er virt á.....	2.282.000.-
D. Járnsmiðja: L 41.0 br. 18.0 h. 11.0 ris 3.1 = 9225.00 m ³	
" : L 8.8 br. 15.2 h. 5.2 slétt þak = 695.55 m ³	
	<hr/>
	9920.55 m ³
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	1.785.700.-
	Samtals krónur 4.067.700.-
Stafliðirnir B. og C. voru virtir 25/10/1945, samtals á.....	262.800.-
	Samtals krónur 4.330.500.00
	<hr/>
	Sjá bl. 2.

Möt framkvæmd:	25/8/1962. 29/4/1967	Metið kr.
A:	Frá síðasta mati, 15/5 1953, eru 1., 2. og 3. hæð óbreyttar. Þakhæð: Þakinu hefur verið lyft og byggt yfir svalir. Byggt úr steinsúlum og stálbitar, klætt timbri og eyrplötum. ÞAR er nú bókhald fyrirtækisins í einum sal, klætt viði og tex á gólfum, v. s. og handlaug.	
A:	L. 56.4 m., br. 12.0 m., h. 7.3 m., ris 2.4 m. = 5.752.80 m ³ .	
" skrif.	" 22.4 " " 7.8 " " 14.8 " skápak = 2.586.00 m ³ .	
" kj.	" 7.0 " " 5.7 " kjh. 1.8 m. = 71.82 m ³ .	
	Samtals = 8.410.62 m ³ .	
	Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	kr. 7.990.000.-
E.	Ný viðbygging við vélsmiðjuna, tvær hæðir með skápaki, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri, slétthúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu. Á 1. hæð er mótörverkstæði og viðgerðir (einn geymur). Á 2. hæð er vélaverkstæði (eitt skilrúm úr timbri), verkstjórahherbergi, 2 v. s. og handlaug. Stærð:	
E:	L. 18.3 m., br. 23.73 m., h. 12.00 m., skáp. = 5.211.00 m ³ .	
	Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á	kr. 1.303.000.-
<u>Virt:29/4/1967.</u>		
A:	Þar hefur verið byggt ofan á 2 hæðir frá síðasta mati 25/8/1962. úr steinsteypu, einangrun plast, þakið með asbest. Á þessum hæðum eru 3 herbergi, mat-salur, eldhús, ásamt hluta af stafl C. Þetta lagt flísu og málað, gler tvöfalt. Þetta á við 3ju hæð. Á 4. hæð er teiknistofa, 3 herbergi, málað og viðarþiljur, tvöfalt gler í gluggum og flísar á gólfum. Snyrting m/tilheyrandi. Aluminíumverkstæði 1 salur. Þakhæðin skjalageymslur, timburgólf.	
B:	Þar er plötusmiðja og verið sett loft í hluta úr steinst. Þar uppi eru búningsherbergi allt málað og flísalagt.	
C:	Er óbreytt frá síðasta mati.	
D:	" " Þrjár lyftur eru í staflið D og ein í stafl. A og eiga þær að fylgja	
E:	" " með í matinu, einnig sími, talstöð og kallkerfi.	
Stærð hússins:		
A:	L. 56.4 m., br. 12.0 m., h. 15.0 m., ris 2.4 m., kj	
"	L. 22.4 m., br. 7.8 m., h. 14.8 m.,	
" kj.	L. 7.0 m., br. 5.7 m., kjh. 1.8 m., = 13.622.00 m ³	31.331.000.-
B:	L. 29.0 m., br. 20.8 m., h. 6.5 m., ris 2.0 m., = 4.524.00 m ³	3.845.000.-
C:	L. 8.8 m., br. 6.5 m., h. 6.0 m. = 342.00 m ³	479.000.-
D:	L. 41.0 m., br. 18.0 m., h. 11.0 m. ris 3.1 m.,	
"	L. 8.8 m., br. 15.2 m., h. 5.2 m., ris sl. = 9.921.00 m ³	11.905.000.-
E:	L. 18.3 m., br. 23.73 m. h. 12.0 m., ris sl. = 5.211.00 m ³	4.429.000.-
	Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	kr. 51.989.000.-

Gata og númer:

Seljavegur 3.

Möt framkvæmd: 21/10/1934.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, á framhlið, en þrílyft á bakhlið, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum vírneti, múrhúðuðu. Allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í hverri hæð fyrir sig eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., fastur skápur, anddyri og gangur. Í efstu hæðinni er þiljað neðan á skambita og innan á þakperrur. Þar þiljur eru striglagðar og ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Í kjallaranum er straustofa, veggfóðruð og máluð, þvottahús, 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, anddyri og gangur. Stigar eru úr steinsteypu, hvorki þeir eða pallarnir eru dúkklagðir.

Stærð: L. 7.3 m. br. 9.0 m. meðalh. 6.7 m. meðalris 1.8 m. kjh. 2.3 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

30.241.-

Gata og númer:

Seljavegur 5.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum vírneti. Í rishæðinni eru nokkrir skilveggir úr tré, einnig vírlagðir. Allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og allt málað innan. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, v.s., anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., geymsluherbergi, anddyri og gangur. Í kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 2 geymsluherbergi, 2 gangar, þvottahús, þurrkhús og anddyri. Stigar eru úr tré. Húsið er múrsléttað utan.

Stærð: L. 10.0 m. br. 9.0 m. h. 5.7 m. ris 3.0 m. kjh. 2.0 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

76.440.-

Gata og númer:

Seljavegur 7.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.

Metið kr.

<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og járn. 3 loft og stigar eru úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er kork á grind. I hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., eldhús, stigagangur, gangur, fastir skápar, allt mírhuðað og málað og með dúkum á gólfum. I risi er klætt með trétexi á loft og skilrúm og með álimdum veggjapappír. Þar eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s. og gangur. I kjallara eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s. og gangur. Auk þess er þar þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, stigagangur og geymslur. 4ar veggsvaflir eru á húsinu .</p> <p>Stærð hússins: L. 11.6 m. br. 9.4 m. h. 5.5 m. ris 3.2 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>" útskots: L. 4.1 m. br. 0.5 m. h. 5.5 m. ris 0.2 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>" do: L. 1.2 m. br. 5.4 m. h. 5.5 m. ris 0.5 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>" do: L. 4.3 m. br. 1.1 m. h. 5.5 m. ris 0.4 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>341.600.-</p> <p>=====</p>

Möt framkvæmd: 10/12/1948.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilróm steipt, vikurhlaðin eða úr múrhúðuðu timbri, óhúðað enn utan, á að kvartshúðast eða marmarasallast, klætt innan vikurplötum eða múrhúðuðu timbri og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., framhýsi og 2 fastir skápar, allt málað og dúklagt, 1 svalir á neðri, 2 á efri hæð. Hvergi eru dyr eða annar samgangur milli hæða hússins. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, v.s., allt málað, múrhúðað og dúklagt, ennfremur geymsla og þvottahús, þiljað er neðan á skambita. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, steypibaðherbergi m/v.s., allt málað eða veggfóðrað og dúklagt, ennfremur 3 geymslur, 2 olíumiðstöðvarklefar, þvottahús og 2 anddyri undir útitröppum.</p>	
Stærð hússins: L 12.2 m. br. 10.0 m. h. 5.5 m. ris 3.5 m. kj. 2.6 m.	
" útskots: L 1.3 m. br. 5.6 m. h. 5.5 m. ris 0.6 m. kj. 2.6 m.	
" do : L 1.8 m. br. 4.0 m. h. 5.5 m. ris 0.8 m. kj. 2.6 m.	
" do : L 2.2 m. br. 0.8 m. h. 3.0 m. fl. , kj. 2.6 m.	
Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....krónur Bifreiðaskúr er áfastur við húsið, alsteinsteiptur, óhúðaður utan og innan, hólfaður sundur með steypuvegg fyrir 2 bíla.	464.700.-
Stærð skúrsins: L 7.0 m. br. 5.7 m. h. 2.6 m.	
Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....krónur	17.600.-
	<u>Samtals krónur 482.300.-</u>

Gata og númer:

S í l f u r t e i g u r 3

Möt framkvæmd: 29/5/1948	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu og öll skilrúm steipt eða vikurhlaðin, klætt innan korki eða vikurplötum og allt múrhúðað og málað, þak er úr timbri, pappa og aluminium, óhúðað enn á útveggjum utan. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s. anddyri, innri forstofa, stigagangur, ekkert anddyri á efri hæð, á allt að málæst og dúkleggjast, nema korkparkett verður á eldhúsi og svefnherbergi, ennfremur veggvalir. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, stigagangur, langur gangur, þvotta- og þurrkherbergi, miðstöðvarklefi með 2 olíukötlum og 1 kolakýntum katli, 2 geymslur og geymsla undir tröppum.</p> <p>Stærð hússins : L 11.5 m., br. 9.2 m., h. 5.5 m., ris 3.0 m., kj. 2.7 m. " útskots : L 8.4 m., br. 1.3 m., h. 5.5 m., ris 0.6 m., kj. 2.7 m. " do : L 1.5 m., br. 4.0 m., h. 5.5 m., ris 0.8 m., kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>292.200.-</p> <hr/>
<p>Virt: 21/4 1981.</p> <p>Frá síðasta mati hafa verið byggðir 2 bílskúrar við húsið. Skúrnir eru byggðir úr holsteini. Stærð skúranna: 79 m³ per skúr = 158 m³</p> <p>Skúrnir, ásamt tilheyrandi, eru virtir á.....</p>	<p>kr. 83.740.-</p> <hr/>

Gata og númer:

Silfurteigur 4

Möt framkvæmd: 20/4/1948 9. nóv. 1968	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 2 hæðir, skápak og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steipt eða vikurhlaðin, slétthúðað utan, að innan er timburgrind og korkur með pappa í milli, þak úr pappa, timbri og aluminium. Á hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, 2 stórir innri gangar með borðkrók, 4 fastir skápar, 2 innbyggðar veggsvaíir, allt múrhúðað, málað og dúklagt, nema veggsvaíir, en korkur á eldhússgólfi og á helmingi annarar íbúðarinnar. Á efri hæð er innrétting eins og á 1. hæð, nema korkur aðeins á eldhúsagólfum. Á þakhæð er aðeins lítilsháttar geymsla óinnréttuð. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, v.s., straustofa, anddyri, stór innri forstofa, allt múrhúðað, málað og dúklagt, ennfremur þvottahús, olíu-miðstöðvarherbergi, kæliklefi, stór geymsla, smágeymsla undir stigapalli, allt múrhúðað.</p> <p>Stærð hússins : L 15.0 m., br. 12.0 m., h. 6.6 m., skápak. kj. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>512.600.- =====</p>
<p><u>Virt:9/11/1968</u></p> <p>Nýr bílskúr byggður úr steinsteypu og hlaðinn úr holsteini, einangraður með vikri, slétthúðaður og málaður að utan og steipt þak. Skúrinn er 1 hæð upphitaður og ósundurhólfaður.</p> <p>Stærð skúrsins:</p> <p>B: L. 8.20 m., br. 7.0 m., h. 2.5 m. = 144. m³</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á kr.</p>	<p>130.000.-</p>

Möt framkvæmd: 30/12/1952. 18/8/ 1970.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/2 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, óhúðað utan, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, stigahús og fjórsettur fastur skápur, allt málað og dúklagt; ennfremur veggsvaflir. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., stigahús, innri forstofa og súðarskápur, allt málað og dúklagt. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, anddyri, innri forstofa, fjórsettur fastur skápur, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús, olíumiðstöðvarklefi m/3 kötlum, geymsla, geymsla undir stiga, gangur og geymsla undir útitröppum.

Stærð hússins: L 11.3 br. 9.4 h. 5.5 ris 3.8 kj. 2.6 = 1062.2 m³
 " útskots: L 7.4 br. 1.1 h. 5.5 ris 1.0 kj. 2.6 = 70.0 m³
 " do : L 1.5 br. 4.2 h. 5.5 ris 1.5 kj. 2.6 = 56.07 m³
 1188.27 m³

Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....

736.700.00 ✓

Virt 18/8/ 1970.

Nýr bílskúr, byggður úr steinsteypu.

Stærð skúrsins.

B: L. 4.04 m., br. 8.00 m., h. 2.6 m., = 84 m³.

Skúrin, ásamt tilheyrandi er virt áKr. 109.000.-

Möt framkvæmd: 20/1/1948.18/8/ 1970.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, geiraris og kjallari, byggt úr steinsteypu og skilrúm ýmist steypt eða hlaðin úr vikri, nema 3 timburskilrúm í kjallara, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikri og heraklit og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á neðri hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri og innri forstofa, stigagangur og 7 fastir skápar, allt múrhuðað málað og dúklegt. Á efri hæð er sama herbergjaskipun og frágangur, nema þar eru aðeins 6 fastir skápar. Þakhæð er aðeins óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, 2 gangar, geymsla, stigagangur, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi m/3kötum, 1 olíu- og 2 kolakyntum, geymsla undir tröppum.</p> <p>Stærð hússins : L 13.0 m., br. 9.3 m., h. 5.5 m., ris 3.0 m., kj. 2.5 m.</p> <p>" útskots : L 4.3 m., br. 1.4 m., h. 5.5 m., ris 0.4 m., kj. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>395.300.- =====</p>
<p><u>Virt: 18/8/ 1970.</u></p> <p>Nýr bílskúr, byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærð skúrsins er.</p> <p>B: L. 7.70 m., br. 6.88 m., h. 2.6 m., = 138 m³.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi er virt á.....</p>	<p>kr. 179.000.- =====</p>

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 1.

Möt framkvæmd: a 21/11/1930, b21/8/1932.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með útskoti, porti, kvisti, gluggakvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og þakhellu. Í húsinu eru 2 loftúr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir aðalhæðar og kjallara eru allir úr venjulegri steinsteypu. Allt múrsléttað. Innan á útveggjum aðalhæðar og kjallara eru hereklithplötur, múrsléttaðar innan, en á rishæðinni er þiljað innan á útvegg, neðan á skambitaog innan á þaksperrur. Skilveggir hér uppi eru flestir úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Skambitaloftið er allt þiljað innan og skilveggir og gólf þar úr timbri. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og 2 gangar. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, ^{- eldhús -}baðherbergi, v.s., anddyri og gangur. Á skambitaloft eru 2 íbúðarherbergi og geymsluloft. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og 2 gangar. Auk þessa er þar þurrkherbergi, þvottaherbergi og miðstöðvarherbergi. Þetta er allt múrsléttað innan. Steinsteypuþröppur eru við húsið, tvennar, undir annari er geymsla og gangur, en aðeins geymsla undir hinni. Stigar eru úr timbri og allt er húsið, sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 10.1 m. br. 9.5 m. h. 4.0 m. ris 5.2 m. kjh. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>43.842.-</p>
<p>b. Bifreiða- og rafmagnsviðgerðarskúr, úr steinsteypu. Þak er úr borðasúð, pappaog bárujárni. Steinsteypugólf er í skúrnum. Hann er allur múrsléttaður utan.</p> <p>Stærð: L. 7.1 m. br. 5.9 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	<p>2.100.-</p>
	<p>Samtals 45.942.-</p>

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 2.

Möt framkvæmd: (1/7/1941.)(1/5/1943.) 1/5/1949.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með 2 kvistum, porti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í húsinu eru 2 loft úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, borðaklæðningu, vírlagðri þar innan á, allt múrsléttað. Í þaklyfti er sami frágangur að öðru leyti en því, að þar er þiljað innan á þaksperrur og neðan á skambita og þar þiljur strigalagðar og allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Í aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., stigagangur^{gangur} og anddyri. Í þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðklefi, v.s., fastur skápur, stigagangur og anddyri. Á skambitum er gólf og þar uppi er þurrkloft. Í kjallaranum er þvottahús, miðstöðvarherbergi, þurrkherbergi, 2 geymsluherbergi og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallarann og 2 geymsluklefar. Stigar eru úr timbri og húsið er að mestu leyti múrsléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 9.0 m. br. 9.4 m. h. 4.0 m. ris 4.1 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	88.920.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í honum er steinsteypugólf. Múrsléttaður er hann utan og innan.</p> <p>Stærð: L. 6.8 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	2.656.-
	Samtals 91.576.-
=====	
Virt 1/5/1943.	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/7. 1941.	
=====	
Virt 1/5/1943.	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. maí 1943.	
A. Íbúðarhús: L 9.0 m. br. 9.4 m. h. 4.0 m. ris 4.1 m. kj. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	krónur 226.100.-
B. Bifreiðaskúr: L 6.8 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. skáþak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	krónur 17.900.-
	Samtals krónur 244.000.- ✓

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 3.

Möt framkvæmd: 21/9/1931.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með kvistum, dyrakvisti, manzarbaki og kjallara, úr steinsteypu, með hellubaki á listum, pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Í aðalhæð hússins eru allar þiljur vírlagðar og múrsléttaðar, en í rishæðinni eru þær strigalagðar, en báðar eru svo hæðirnar ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, framreiðsluherbergi, blómaklefi, fataskápur, skáli, v.s., anddyri. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi, fataskápur, anddyri og gangur. Þaksvallir eru yfir blómaklefa aðalhæðarinnar, með steinsteypuhandriði umhverfis. Stigar eru úr timbri. Í kjallaranum eru 2 herbergi, með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Í kjallaranum er einnig þvottaherbergi, þurrkstofa, geymsluherbergi, miðstöðvarklefi klaklefi, v.s. og 2 gangar. Tvennar steinsteyputröppur eru við húsið. Undir öðrum þeirra er gangur í kjallarann en hinum eldiviðargeymsla. Húsið er allt múrsléttað utan.</p>	
Stærð: L. 11.0 m. br. 8.0 m. h. 3.0 m. ris 4.3 m. kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	37.220.-
<p>b. Bifreiðaskúr er byggður á sömu lóð úr steinsteypu, með járnbaki á súð. Hann er með steinsteypugólfi og allur þiljaður innan. Múrsléttaður er hann að utan.</p>	
Stærð: L. 5.0 m. br. 3.0 m. h. 2.1 m. skábak.	
Skúrin er virtur á.....	960.-
	<p>Samtals 38.180.^v-</p>

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 4.

Möt framkvæmd: 21/11/1931.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með útskoti, kvisti, risi og kjallara, úr járnbentri steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og steinhellu. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum vír, sementssléttuðum í stiga-göngum, eldhúsum og baðherbergjum, en annarsstaðar eru útveggjabiljur lagðar striga og vélapappír. Í rishæðinni eru skilveggir úr bindingi, klæddir tvöföldum þiljum. Þiljað er þar neðan á skambita og innan áþakspefrur, þetta er strigalagt og yfirleitt eru allar íbúðir hússins ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., fastur skápur, anddyri og gangur. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri, gangur og þurrkloft. Í kjallarnum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., 3 geymsluherbergi, þvottahús, miðstöðvarherbergi og 3 gangar. Við norðurgafli hússins eru steinsteyputröppur og undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi, en yfir þeim veggpallur. Svalir eru yfir útskoti hússins, með steinsteypuhandriði umhverfis. Stigar eru úr timbri og all er húsið sementssléttað utan.

Stærð: L. 11.5 m. br. 9.2 m. h. 5.7 m. ris 3.6 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

52.106.-

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 5.

Möt framkvæmd: a 21/1/1931, b 21/8/1932.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með kvisit, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan áútveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Í þaklyfti eru skilveggir úr bindingi, með tvöföldum þiljum og þiljað er neðan á skambita og innan áþaksperrur. Allar þiljur eru lagðar vírneti, allt múrsléttað og ýmist veggfóðrað eða málað innan. Sami frágangur er á íbúð kjallarans. Í hvorri hæðinni fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., geymsluherbergi, anddyri og gangur. Í þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. þurrkloft og 2 gangar. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Auk þessa er þar þvottahús, miðstöðvarherbergi, geymsluklefi og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við norðurgöngu hússins og undir þeim er geymsluklefi. Stigar eru úr timbri og allt er húsið sementssléttað utan. Stærð: L. 12.0 m. br. 9.7 m. h. 5.9 m. ris 3.9 m. kjh. 2.5 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	57.882.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð, óg gólfi úr steinsteypu. Skúrinn er múrsléttaður. Stærð: L. 6.7 m. br. 3.5 m. h. 2.5 m. skáþak.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	1.180.-
Samtals	59.062. ^y -

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 6.

Möt framkvæmd: ^a 1/10/1943. ^b 5/7/1949.

Metið kr.

A. Íbúðarhús, tvílyft, með útskoti á suðurenda framhliðar. Húsið er byggt úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þakið er valmabak. Skilveggir eru allir úr steinsteypu og 3 loft úr járnþentri steinsteypu. Innan á útveggjum er tvöföld borðagrind með pappa á milli, allt biljað með borðum og strengt á þau vírnet. Allt kalksléttað innan, bæði veggir og loft. Allar hæðirnar eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og gangur. Baðherbergið er með leirflísum á gólfi og postulínsflísum á veggjum. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins. Þaklyftinu er skipt í tvennt, þurrkerbergi og geymslu. Sá skilveggur er úr timbri. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og skilveggjum úr steinsteypu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., þvotta- og miðstöðvarherbergi, geymsluherbergi og 2 gangar. Íbúðarherbergin hér eru með sama frágangi eins og í hæðunum. Stigar eru úr timbri og húsið er múrsléttað utan. Stærð: L. 10.0 m. meðalbr. 9.4 m. h. 6.1 m. ris 2.7 m. kjh. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

148.340.-

B. Bifreiðaskúr, notaður fyrir verkstæði, byggður úr steinsteypu, ópússaður utan, óeinangraður og með pappaklæddu timburþaki.

Stærð skúrsins: L 7.7 m. br. 4.0 m. h. 2.5 m. skáþak.

" " L 2.7 m. br. 3.7 m. h. 2.5 m. skáþak.

Bifreiðaskúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....

23.500.-

Virt 15/12/1969.

Frá síðasta mati 1.10.1943, hefur ris hússins verið hækkað og þar innréttuð íbúð. Er hækkin byggt úr steinsteypu og timbri, einagruð með wellit og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Auk þess hafa nokkrar aðrar breytingar orðið.

Á 1. hæð hefur stofa og stigahús verið stækkað. Allt málað og dúklagt.

Á 2. hæð er stækkun eins og á 1. hæð.

Í þakhæð eru nú 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug og stigahús. Allt málað og dúk- og parketlagt. -Svalir. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum.

Í kjallara hefur stigahús, stofa og v.s. verið stækkað. Allt málað og dúklagt.

Stærð hússins:

L. 12.80 m., br. 9.0 m., h. 5.90 m., ris 3.40 m., kj. 2.70 m.,

" 7.60 " " 0.80 " " 5.90 " " fl. " 2.70 " = 1.240.22 m³.

Húsið með tilheyrandi er metið á.....kr.

1.389.000.-

Gata og númer:

Sjafnargata 7.

Möt framkvæmd: 21/6/1931.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með porti, risi, 2 kvistum, útskoti á framhlið og kjallara, úr steinsteypu, með steinskífubaki á borðasúð, með pappa og listum. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað innan. Innan á útveggjum kjallaraíbúðarinnar, aðalhæðar og rishæðar eru korkplötur, vírlagðar og múrsléttaðar. Alltýmist veggfóðrað eða málað. Í hvorri hæð fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, anddyri og gangur. Í neðri hæðinni er ennfremur v.s. og fasturaskápur og í rishæðinni baðherbergi m/v.s., og 2 fastir skápar. Á skambitum er gólf. Þar uppi er þurrkloft. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, þvottahús, miðstöðvarherbergi, geymsluherbergi, v.s., geymsluklefi, anddyri og gangur. Utan við útvegg miðstöðvarherbergisins er geymsluþró fyrir kol, úr steinsteypu. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er inngangur í kjallarann og geymsluklefi. Þaksvalir eru yfir útskotinu, með steinsteypuhandrið umhverfis. Terrasso-yfirsteypa er á anddyrisgólfi og útitröppum. Gúmmí er á baðherbergisgólfi. Stigar eru úr timbri og húsið er múrsléttað utan.

Stærð: L. 10.1 m. meðalbr. 9.4 m. h. 4.2 m. ris 4.6 m. kjh. 2.3 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

46.990.^v-

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 8.

Möt framkvæmd: 21/1/1931.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, ^{m/m}tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárnri. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir allir á aðalhæðum, sem og kjallara, ásamt gólfi hans er úr venjulegri stensteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Í þaklyfti eru skilveggirnir úr bindingi, klæddir utan tvöföldum þiljum. Þiljur eru einnig innan á þaksperrum og neðan á skammbitum. Í stigagöngum, eldhúsum og baðherbergjum eru þiljurnar vírlagðar og múrsléttaðar, en allar aðrar þiljur eru lagðar striga og véla-pappír og allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað. Í hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. Í þaklyfti er málaravinnustofa, 2 íbúðarherbergi, þurrkloft, 3 hliðarskápar og gangur. Í kjallaranum eru 2 trésmíðavinnustofur, 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi og gangur. Steinsteyputröppur eru við norðurgöng húsins og undir þeim er gangur inn í kjallara þess. Stigar eru úr timbri.</p> <p>Stærð: L. 12.0 m. br. 9.0 m. h. 5.6 m. ris 3.2 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>45.750.-</p>

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 9.

Möt framkvæmd: (1/2/1942.) 28/1/1947.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús m/trésmíðavinnustofu, tvílyft, með kvisti, gluggakvist, risi og kjallara, úr stenhsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan, lögðum striga og vélapappír í íbúðarherbergjum, en vírneti í eldhúsum, baðherbergjum og stigagöngum. Í þaklyfti eru flestir skilveggir úr bindingi, með tvöföldum þiljum, en nokkrir úr steinsteypu, múrsléttaðir. Allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan. Í hvorri hæðinni fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., anddyri og gangur. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, anddyri og gangur. Í kjallaranum er trésmíðavinnustofa, geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við norðurgafli hússins og undir þeim er geymsluklefi og gangur í kjallarann. Stigar eru úr timbri og húsið er allt sementssléttað utan. Stærð: L. 10.3 m. br. 9.2 m. h. 5.7 m. ris 4.7 m. kjh. 2.1 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>91.905.^v-</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. febrúar 1942. Stærð: L. 10.3 m. br. 9.2 m. h. 5.7 m. ris 4.7 m. kjh. 2.1 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á</p>	<p>270.200.-</p>
<p>Virt 29/11 1977. 1. hæð: Nú eru 6 íbúðarherbergi á hæðinni, nýtt baðherbergi, innb. skápar í nýja hlutanum. Í eldri hlata er eldhús flutt til og verður allt nýtt þar Tvöfalt gler í nýja hlutanum. Veggir málaðir, harðviðarhurðir, teppal. xxxxxxx Dúkar í gamla hlutanum. Svalir. 2. hæð: Í viðbyggingu eru 2. herbergi og bað, parket á gólfum, flisar, veggfóður. Eldri hlutinn endurnýjaður. Nýtt hitaherbergi og endurnýjað rafmagn. Tvöfalt gler (í viðb.) Svalir. Þakhæð: Hefur breyst er nú 5. íb. herb., eldhús og bað m/tilheyrandi. Sami frágangur og á neðri hæðum. Svalir, tvöfalt gler í öllu. Geymslulogt er fyrir ofan íbúðina. Kjallari: Óbreytt en undir viðbyggingu verða 2 bílskúra. Stærðir: L. 15,65 m., br. 9,25 m., h. 5,70 m., ris 4,70 m., kj.2,20 m., + Kvistir. 1560 m³ Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er virt á</p>	<p>kr. 40.560.000</p>

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 10.

Möt framkvæmd: 21/1/1932.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og jární. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallargólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum beggja hæðanna og íbúðarherbergja kjallarans er borðagrind meðpappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum vírneti, sem múrsléttað er á og allar eru íbúðirnar ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi, v.s., anddyri og gangur. Baðherbergi eru flísalögð og baðker innmúruð. Í rishæð er ósundurhólfað þurrkloft. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og gangur. Þess utæn er þar miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi og geymsluherbergi. Við vesturgöfl hússins eru steinsteyputröppur og undir þeim ergangur inn í kjallaranum ásamt geymsluklefa. Stigar eru úr timbri og húsið er allt múrsléttað utæn.

Stærð: L. 12.0 m. br. 10.0 m. h. 5.6 m. ris 2.3 m. kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

52.610.-

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 11.

Möt framkvæmd: a 21/2/1931, b 21/6/1932.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, efri hæðin er þó minni ummáls en sú neðri, með vatnshallabaki og kjallara. Útveggir, bak og loft er úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf er úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru heraklithplötur, vírlagðar og allt er húsið múrsléttað innan. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, skápur, skáli, anddyri og 2 gangar. Allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi og skáli. Sami frágangur er hér uppi eins og er í neðri hæðinni. Í kjallaranum er þurrkherbergi, miðstöðvar- og þvottahús og 3 geymsluherbergi. Stigi er úr timbri og húsið er allt múrsléttað utan.</p>	
Stærð efri hæðar: L. 7.4 m. br. 6.5 m. h. 3.1 m.	
" neðri " m/kjall. L. 11.0 m. br. 8.9 m. h. 3.1 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	37.100.-
b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnbaki á pappa og borðasúð. Steinsteypugólf er í skúrnum. Hann er múrsléttaður utan.	
Stærð: L. 6.8 m. br. 3.4 m. h. 3.0 m.	
Skúrin er virtur á.....	1.380.-
Samtals	38.480.- ^v

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 12.

Möt framkvæmd: (1/8/1943.) 20/4/1948

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með útskoti, kvisti, risi og kjallara úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og þakhellum. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan áútveggjum hússins er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Þiljað er einnig neðan á skambita. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og allar 3 hæðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/ v.s., anddyri og gangur. Á skambitum er gólf. Þar uppi er 1 íbúðarherbergi og framloft. Hvortveggja er þiljað með panel og málað. Þakið á kvistinu er úr steinsteypu, flatt og eru þaksvaíir með handrið umhverfis það. Veggsvaíir eru á vesturgafli hússins. Baðherbergi og eldhús eru flísalögð eins og venja er til. Í kjallaranum eru 3 geymsluherbergi, þvottahús, miðstöðvarherbergi, v.s. og anddyri og gangur. Steinsteypu-tröppur eru við norðvesturgafli hússins, undir þeim er gangur inn í aðalkjallaranum. Stigar eru úr timbri og allt erhúsið sementssléttað utan.

Stærð: L. 12.1 m. meðalbr. 10.4 m. h. 6.0 m. ris 4.8 m. kjh. 2.0 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

200.820.-

20/4/1948

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. ágúst 1943.

Íbúðarhús: L 12.1 m., mbr. ^{10.4 m} h. 6.0 m., ris 4.8 m., kj. 2.0 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

392.400.-

Gata og númer:

S j a f n a r g a t a 14.

Möt framkvæmd: (1/2/1942.) 28/12/1948	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með þakherbergi, útskoti, sléttu þaki og kjallara, úr steinsteypu, með tvöföldu steinsteypubaki með korklagi á milli. Í húsinu eru 2 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á öllum útveggjum er kork, vírlagt og múrsléttað, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, framreiðslustofa, eldhús, skáli, v.s., fataklefi og anddyri. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, 4 fastir skápar og skáli. Á þaki uppi er stórt herbergi, í kjallaranum er vinnustofa, þvotta- og þurrkhús, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, v.s., búr, 2 geymsluherbergi og 3 gangar. Útidyrhurðir eru úr teavkið, gúmmí er á baðherbergisgólfi, undir öllum gólfdukkum eru "Massanit"-plötur. Stigar eru úr timbri og allt er húsið sementssléttað utan. Járnhandrið er umhverfis þakið á veggbrúnum að þakherbergi.</p> <p>Stærð: Mjðall. 9.6 m. meðalbr. 9.3 m. h. 6.0 m. sl. þak, kjh. 2.5 m.</p> <p>" þakherbergis: L. 5.9 m. br. 4.7 m. h. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	82.240.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, veggir og þaki og gólf, allur múrsléttaður.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 3.2 m. h. 2.5 m. sl. þak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	2.295.-
	Samtals 84.535.-

Virt 28/12/1948.	
Húsið er þ breytt frá síðasta mati 1. febr. 1942. Þar er nú olíukynding.	
A. Íbúðarhús: L 9.9 m. br. 8.7 m. h. 5.7 m. ris 0.5 m. kj. 2.6 m.	
" Útskot : L 3.7 m. br. 1.4 m. h. 5.7 m. ris 0.4 m. kj. 2.6 m.	
" do : L 2.2 m. br. 4.3 m. h. 5.7 m. ris 0.4 m. kj. 2.6 m.	
" Þakbygging: L 5.8 m. br. 4.6 m. h. 2.4 m. ris 0.4 m.	
Húsið, ásamt útskotum og þakbyggingu og tilheyrandi, er virt á....krónur	355.100.-
B. Bifreiðaskúr: L 3.2 m. br. 6.3 m. h. 2.5 m.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....krónur	10.000.-
	Samtals krónur 365.100.-

Gata og númer:

Skaftahlíð 3, vesturendi

Möt framkvæmd: 10/12/1948.

Metið kr.

Ibúðarhús, 2 hæðir m/skápakí og kjallari, byggt úr steinsteypu, flest skilrúm steyp, sum úr múrhúðuðu timbri, slétthúðað utan og málað þétti-málningu, klætt innan pappalögum og múrhúðuðu timbri, með loftrúmunum í milli og með þaki úr steinsteypu, timbri og aluminium. Á neðri hæð er stofa með borðstofukrök, eldhús, v.s. m/handlaug, anddyri, innri forstofa og hornskápur, allt múrhúðað, málað og korklögð gólf, en vegglínóleum á eldhúsi. Á efri hæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri, steypu og v.s. og handlaug, geymsla, stigagangur og innri forstofa og fastir skápar í 3 herbergjum, allt múrhúðað, veggfóðraðar stofur, hitt málað, en vegglínóleum á eldhúsi og baðherbergi, öll gólf korklögð. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s. og handlaug, ytri og innri forstofa, allt málað og dúklegt, ennfremur þvottahús, olíumiðstöðvarherbergi með amerískri kyndingu og 2 geymslur.

Stærð hússins: L 6.5 m. br. 12.3 m. h. 3.2 m. kj. 2.2 m.

" efri hæðar: L 6.5 m. br. 11.2 m. h. 3.2 m. skápak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur

239.300.-

Möt framkvæmd: 10/11/1958	Metið kr.
<p>Er nýtt íbúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.</p>	
<p>1. hæð eru 11 íbúðarherbergi, 4 eldhús, 2 borðkrókur, 4 baðherbergi m/ 4 kerlaugum, 4 v. s. og 4 handlaugar, 2 anddyri og 4 forstofaur. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Tvöfala gler er í gluggum. .</p> <p>4. Svalit.</p>	
<p>2. hæð er að öllu leyti eins og 1. hæð.</p>	
<p>Þakhæð er ónothæf.</p>	
<p>Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 1 borðkrókur, 2 baðherbergi m/ 2 kerlaugar, 3 v. s. og 3 handlaugar, anddyri og 2 forstofur, Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Tvöfalt gler er í gluggum. , -Auk þess er í kjallara, þvotta hús, þurkherber og straustofa og 11 geymslur. Upphitun er með olíkyndingu.</p>	
<p>Stærð hússins:</p>	
<p>Nr. 4. L. 12.4m., br. 11.75m., h. 6.5m., ris ská þak. kj. 2.8m., =1.355.00m³</p>	kr. 1.287.300.-
<p>Nr. 6. L. 15.88m., br. 11.75m., h. 6.5m., ris ská þak kj. 2.8m., = 1.735.28m³</p>	kr. 1.648.500.-
<p>Húsið með tilheyrandi er metið á.....</p>	Alls kr. 2.935.800.-

Möt framkvæmd: 14/4/1950.

Metið kr

Íbúðarhús, 2 hæðir, ris m/5 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steipt, vikurhlaðin eða úr múrhúðuðu timbri, húðað utan marmara- og kvartssalla, klæddur innan vikurplötum, en timbri og múrhúð í eldhúsum og með þaki úr timbri, pappa og norskri skífu. Á neðri hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., v.s. að auki, 2 anddyri, hol, gangur, stigahús, 5 fastir skápar og fatakrókur, allt málað og dúklagt, sænskar harðviðarhurðir, 2 veggsvaíir. Á efri hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., gangur, stigahús, hol, 4 fastir skápar og fatakrókur, allt málað og dúklagt, sænskar harðviðarhurðir, 3 veggsvaíir. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, innri forstofa, geymsla, fastur skápur og súðarskápur, sænskar harðviðarhurðir, allt múrhúðað, málað og dúklagt, nema hurðir. Þiljað er neðan á skambita, ónothæft. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, v.s., hol, gangur og 3 fastir skápar, allt málað og dúklagt; ennfremur 2 þvottahús, olfumiðstöðvarklefi, geymsla og geymsla undir útitröppum. Sænskar harðviðarhurðir eru í íbúðinni.

Stærð hússins: L 12.1 m. br. 12.5 m. h. 5.7 m. ris 4.3 m. kj. 2.8 m.

" útskots: L 4.2 m. br. 0.8 m. h. 5.7 m. ris 0.6 m. kj. 2.8 m.

" do : L 0.9 m. br. 5.9 m. h. 5.7 m. ris 0.6 m. kj. 2.8 m.

Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á..... 813.400.-

Bifreiðaskúr fyrir 2 bíla steinsteiptur í hólf og gólf, húðaður utan eins og húsið, slétthúðaður innan, upphitaður frá húsinu.

Stærð skúrsins: L 6.0 m. br. 6.5 m. h. 2.6 m. skápak.

Bifreiðaskúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... 30.000.-

<u>Samtals krónur</u>	<u>843.400.-</u> ✓
-----------------------	--------------------

Gata og númer:

S k a f t a h l í ð 7.

Möt framkvæmd: 31/1/1949.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris m/3 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm vikurhlaðin, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, þappa og bárujárni. Á hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi m/v.s., anddyri á neðri hæð, innri forstofa, 9 fastir skápar, stigahús, allt múrhúðað, málað og dúklagt. Á þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, v.s. m/handlaug, múrhúðað, málað og dúklagt, ennfremur þvottahús og 2 geymslur. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, allt málað og dúklagt, ennfremur inngangur, 3 þvottahús, geymsla undir stiga og útitröppum og olíumiðstöðvarklefi, en olíumiðstöðvarkatlar eru í tveim þvottahúsanna.</p> <p>Stærð hússins: L 10.6 m. br. 11.6 m. h. 5.5 m. ris 3.5 m. kj. 2.7 m.</p> <p>" útskots: L 1.4 m. br. 7.4 m. h. 5.5 m. ris 0.8 m. kj. 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt.....krónur <u>422.000.-</u>^v</p>	

Gata og númer:

SKAFTAHLÍÐ 8-10.

Möt framkvæmd: 10/11 /1958.	Metið kr.
<p>Er nýtt íbúðarhús, fjórar hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki og þæsti og með þaki úr timbri, pappa og bárujárnri.</p> <p>Á 1. hæð eru 19 íbúðarherbergi, 5 eldhús, þar af 4 m/borðkrókum, 5 baðherbergi m/ 5 kerlaugar, 5 v. s. og 5 handlaugar, 2 anddyri og 5 forstofur. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Tvöfalt gler er í gluggum. 5 Svalir.</p> <p>2., 3., og 4. hæð eru að öllu leyti eins og 1. hæð.</p> <p>Þakhæð er ónothæf.</p> <p>Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhúsm/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, 2 v. s. og 2 handlaugar, 2 anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Tvöfalt gler er í gluggum. -Auk þess er í kjallara þvottahús, þurkherbergi, kæliklefi, kyndiklefi m/olíukyndingarkatli og 25 geymslur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>Nr. 8: L. 24.43m., br. 12.00m., h. 12.00m., ris ská þak kj. 2.8m., =4338.76³m³ kr. 4.121.800.-</p> <p>Nr. 10: L. 20.87m., br. 12.00m., h. 12.00m., " " " kj. 2.8m., =3706.51³m³ kr. 3.521.200.-</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á..... Alls kr. 77643.000.-</p>	

Möt framkvæmd: 20/10/1947.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, húðað utan með marmarasalla, klætt innan 1.5" korki, grind og pappa, með eterniteklæddu þaki. Á hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, ytri og innri forstofa, stigagangur og fastir skápar, allt múrhúðað og málað og með dúkum á gólfum og gumfi á stigum, fremri forstofu og gaðherbergi. Í risi eru 4 herbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og geymsla. Þar er klætt timbri og vírneti og allt múrhúðað og málað. Stoppað er í milli þilja í útveggjaklæðningu. Í kjallara eru 3 íbúðarbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og gangur, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi m/kolahitun og geymslur.</p>	
<p>Stærð hússins : L 13.0 m., meðalbr. 11.1 m., h. 5.7 m., ris 3.3 m., kj. 2.6 m.</p>	
<p>A. Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....</p> <p>Bifreiðaskúr er við húsið, byggður úr steinsteypu, veggir, þak og gólf. Loft einangrað með korki, en veggir með grind, pappa og panel. Hann er upphitaður og með skolpleiðslu.</p>	484.800.-
<p>B. Stærð : L 6.5 m., br. 7.0 m., h. 2.5 m., Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	20.300.-
	<p style="text-align: right;">Samtals.... 505.100.- =====</p>

Gata og númer:

S k a f t a h l í ð 11.

Möt framkvæmd: 20/1/1948.

Metið kr.

Ibúðarkús, 2 hæðir, ris m 2 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu og öll skilrúm steyppt, nema í risi, húðað utan marmarasalla, klætt innan norsku terrasso og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á neðri hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, 2 fastir skápar, allt múrhúðað og málað og dúklagt, ennfremur veggjalir. Á efri hæð er sama herbergjaskipun og frágangur, nema þar er stigagangur í stað anddyris. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., gangur og geymsla, þar eru timburskilrúm og allt klætt innan timbri og masonite og veggfóðrað, nema eldhús og baðherbergi eru máluð, gólf öll dúklögð. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri, 3 gangar, srauherbergi, 2 geymslur. Þvottahús, olíumiðstöðvarherbergi, allt múrhúðað og íbúðin og gangar málað og dúklagt, geymsla er undir tröppum og útiruslageymsla.

Stærð hússins : L 12.3 m., br. 11.2 m., h. 5.5 m., ris 3.5 m., kj. 2.6 m.

" útskots : L 4.0 m., mbr. 1.8 m., h. 5.5 m., ris 0.4 m., kj. 2.6 m.

" do : L 2.7 m., " 0.8 m., h. 5.5 m., ris 0.2 m., kj. 2.6 m.

Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á..... 430.000.-
=====

Húsgjöldandi brunabóta nr. 11

858.500.-

Möt framkvæmd: 10/11/1958.	Metið kr.
<p>Er nýtt íbúðarhús, þrjá hæðir, hallaris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki og wellit, slétthúðað og málað utan og með steinsteypu þaki.</p> <p>Á 1. hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, steypu, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Tvöfalt gler er í gluggum. -2 svalir.</p> <p>2., og 3., hæð eru eins og 1. hæð.</p> <p>Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Tvöfalt gler er í gluggum. -Auk þess er í kjallara þvottahús, kyndiklefi m/olíukyndingarkatli og 3 geymslur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 14.8m., br. 7.05m., h 8.8m., ris ská þak kj. 2.8m.,</p> <p>L. 2.35m., br. 2.60m., h. 8.8m., ris skáþak kj. 2.8m.,</p> <p>L. 2.50m., br. 4.80m, h. 8.8m, ris ská þak kj. 2.8m., = 1.420.42m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á.....Kr.</p>	<p>1.534.100.40</p>

Möt framkvæmd: 20/1/1948.	Metið kr.
<p>Ibúðarkús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, flest skilrúm steypt, fáein úr múrhúðuðu timbri, klætt innan vikurplötumí kjallara, en texti, pappa og múrhúð á hæðunum og með þaki úr timbri, pappa og steinskífu. Á neðri hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, 4 fastir skápar, allt múrhúðað og málað og dúklagt, nema á eldhúsgólfi er korkur, ennfremur 2 veggsalir. Á efri hæð er innréttingin eins og á 1. hæð og allur frágangur, nema þar er stigagangur að auki og 3 veggsalir. Þakhæð er óinnréttuð geymsla ennþá. Í kjallara eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, 2 v.s., anddyri, innri forstofa, geymsla, 2 fastir skápar, þvottahús og olíumiðstöðvarherbergi, allt múrhúðað, íbúðin máluð og dúklögð, geymsla undir útitröppum.</p>	
Stærð hússins : L 11.2 m., br. 12.2 m., h. 5.5 m., ris 2.5 m., kj. 2.6 m.	
" útskots : L 5.0 m., br. 1.3 m., h. 5.5 m., ris 0.5 m., kj. 2.6 m.	
" do : L 0.5 m., br. 4.0 m., h. 5.5 m., ris 0.2 m., kj. 2.6 m.	
" do : L 1.0 m., br. 4.3 m., h. 5.5 m., ris 0.4 m., kj. 2.6 m.	
Húsið, ásamt öllum útskotum og tilheyrandi, er virt á.....	453.700.- =====

Gata og númer:

SKAFTAHLÍÐ 14

Möt framkvæmd: 10/11/1958.	Metið kr.
<p>Er eins og húsið Skaftahlíð 12, nema í kjallara eru 4 íbúðarherbergi og en enginn kyndiklefi. Upphitun er frá nr. 12.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 14.8m., br. 7.05m., h. 8.8m. / ^{ris}ská þak. Þj. 2.8m.,</p> <p>L. 2.35m, br. 2.60m., h. 8.8m., ris ská þakkj. 2.8m.,</p> <p>L. 2.50m, br. 4.80m., h. 8.8m., " " " kj. 2.8m., = 1.420.42³m</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á.....Kr.</p>	<p>1.534.100.-</p>

Möt framkvæmd: 24/6/1948	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikur- og korkplötum og með þaki úr timbri, pappa og steinskífu. Á hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi m/v.s., fataklefi, anddyri, innri forstofa og 4 fastir skápar og v.s., allt múrhúðað, olíumálað og dúklagt, ennfremur veggsvaíir. Á þakhæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi m/v.s., stigagangur og forstofa og 1 herbergisgólfi. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi m/v.s., steypibaðklefi m/v.s., 2 anddyri, 2 innri forstofur, allt múrhúðað, málað og dúklagt, nema korkur á gólfum 2 herbergja og anddyris, ennfremur þvottahús, olíumiðstöðvarklefi og 3 geymslur.</p> <p>Starð hússins : L 13.2 m. br. 11.9 m. h. 5.5 m. ris 4.0 m. kj. 2.6 m.</p> <p>" útskots : L 5.5 m. br. 1.0 m. h. 5.5 m. ris 2.0 m. kj. 2.6 m.</p>	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	539.500.00
	=====

Gata og númer:

SKAFTAHLÍÐ 16.

Möt framkvæmd: 10/11/1958.	Metið kr.
<p>Er eins og húsið Skaftahlíð 12, nema í kjala ra eru 4 íbúðarherbergi og enginn kyndiklefi Úpphitun er frá nr. 12.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 14.8m., br. 7.05m., h. 8.8m., ris ská þak. kj. 2.8m.,</p> <p>L. 2.35m, br. 2.60m., h. 8.8m. ris ská þak. kj. 2.8m.,</p> <p>L. 2.50m, br. 4.80m., h. 8.8m., ris ská þak. kj. 2.8m., =1.420.42m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á.....Kr.</p>	<p>1.534.100.-</p>

Gata og númer:

SKAFTAHLÍÐ 18.

Möt framkvæmd: 10/11/1958.	Metið kr.
<p>Er eins og Skafthlíð 12, nema í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, og enginn kyndiklefi. Ypphitun er frá nr. 12.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 14.8m., br. 7.05m., h. 8.8m., ris ská þak. kj. 2.8m., L. 2.35m, br. 2.60m., h. 8.8m., " " " kj. 2.8m., L. 2.50m.,br. 4.80m., h. 8.8m., " " " kj. 2.8m., = 1.420.42m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á.....Kr.</p>	<p>1.534.100.-</p>

Gata og númer:

SKAFTAHLÍÐ 20

Möt framkvæmd: 10/11/1958.	Metið kr.
<p>Er eins og Skafthlíð 12, nema í kjallara eru 4 íbúðarherberggi, og enginn kyndiklefi. Upphitun er frá nr. 12.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 14.8m., br. 7.05m., h. 8.8m., ris ská þak. kj. 2.8m.,</p> <p>L. 2.35m., br. 2.6m., h. 8.8m., ris ská þak. kj. 2.8m.,</p> <p>L. 2.50m, br. 4.8m., h. 8.8m., ris sáa þak kj. 2.8m., = 1.420.42m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á..... Kr. 1.534.100,-</p>	

Gata og númer:

SKAFTAHLIÐ 22.

Möt framkvæmd: 10/11/1958.	Metið kr.
<p>Er eins og Skaftahlíð 12, nema í kjallara eru 4 íbúðarherbergi og enginn kyndiklefi. Upphitun er frá nr. 12.</p> <p>Stærð Hússins:</p> <p>L. 14.8m., br. 7.05m., h. 8.8m., ris ská þak. kj. 2.8m.,</p> <p>L. 2.35m., br. 2.6m., h. 8.8m., ris ská þak. kj. 2.8m.,</p> <p>L. 2.50m, br. 4.8m., h. 8.8m., ris ská þak. kj. 2.8m., = 1.420.42m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á.....Kr.</p>	<p>1.534.100.-</p>

Möt framkvæmd: 20/5/1960.	Metið kr.
<p>Nýtt veitinga - og verzlunarhús, tvær hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, gosull, wellit og plasti, slétthúðað að hluta utan og málað, og með þaki úr timbri, pappa og alumíníum.</p> <p>Á 1. hæð eru 5 verzlanir, brauðsala, 3 vinnuherbergi í sambandi við verzlanir, 4 kælিকlefar, 3 lyftuhús, 5 v. s. m/handlaugum, anddyri, stigahús og fatageymsla. Allt málað, innréttað með tré. Á gólfum er terrassó eða flísar. Tvöfalt gler er í hluta glugga.</p> <p>Á 2. hæð er veitingasalur, svið, skrifstofuherbergi, framreiðsluherbergi, 2 búningaklefar, 2 snyrtiherbergi m/7 v. s. og 1 v. s., geymsla, 2 lyftur og 2 stigahús. Allt málað eða flísalagt. Á gólfum er parket, teppi, flísar og dúkur. Tvöfalt gler er í gluggum.</p> <p>Í kjallara er eldhús, 2 frystiklefar, 2 v. s. m/handlaugum, ketilhús m/olíu-kyndingarkatli, 14 geymslur, gangur og sorpgeymsla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 38.94 m., br. 13.6 m., h. 7.8 m., kj. 3.0 m. " 14.30 " " 9.9 " " 3.2 " " 2.5 " 2. h. " 14.30 " " 12.1 " " 3.8 " = 7.184.66 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 8.615.900.-</p>	
<p>Virt 9/3 1977.</p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar ýmsar endurbætur á húsinu og óskast hækkað til samræmis við það.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt ákr. 215.550.000-</p>	
<p><u>Virt:31.12.1980.</u></p> <p>Húsið er nú fullklárað og frá gengið,og er húsið því endurmetið í samræmi við það.</p> <p>Stærðir hússins eru óbreyttar frá síðasta mati eða 10.155 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á,.....kr 1.167.825.000.-</p>	
<p><u>Virt: 19/5 1980.</u></p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar breytingar á húsinu.</p> <p>Á öllum fjórum hæðum eru viðarinnréttingar af vönduðustu gerð, teiknaðar af Gunnari Magnússyni, innanhússarkitekt og smíðaðar undir eftirliti hans. Til alls hússins, bæði utan og innan er vandað svo sem frekast hefur verið kostur á.</p> <p>Þakhæðin er ekki nýtt að öðru leyti en því að þar er mótörhús fyrir lyftu, en í húsinu er 8.manna lyfta af Schindler gerð sem gengur á milli allra hæða hússins.</p> <p>Kjallari: hann er tvöfaldur í roðinu þannig: a) kjallari undir húsinu er stærri en húsið sjálft vegna þess að hann er byggður að hluta út undir gangstéttir, sá hluti er að hluta með vönduðum innréttingum, en þar er skólastofa, fundarsalur og mótuneytisaðstaða. Í þessum hluta kjallarans er einnig geymsla. b) Hinn hlutinn er útbygging, sérbyggð, sem bílageymsla og er á milli húsanna, þess eldra og þess nýrra. Stærð þessarar byggingar er rúmlega 500 m² og er hún innréttað sem bílageymsla.</p> <p>Stærð hússins er 10.155 m³ og er virt á ásamt tilheyrandi.....kr. 857.166.000.-</p>	

Möt framkvæmd: 10/12 1956.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir, geymsluris og kjallari, byggt úr steinsteypu, korkklætt að innan nema tveir útveggir á stofum, sem eru einangraðir með timbri, múrhúðað að utan með þaki úr timbri, bárujárnsklæddu.</p> <p>Á 1. hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergim/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Harðviðarhurðir. Tvöfalt gler í gluggum. Veggsvaíir.</p> <p>2. hæð er að öllu leyti eins og 1. hæð.</p> <p>Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi sem er ófrágengið, en verður sennilega m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. - Auk þess er í kjallaranum þvottahús, kyndiklefi m/2 olíukyndingartækjum, 3 geymslur og v. s. undir stiga. Gangur og stigahús upp á hæðina. Kjallarinn er að mestu ófrágenginn.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 12.0 m. Br. 10.40 m. H. 5.5 m. Ris 2.2 m. Kj. 2.7 m. = 1.297.92 m³</p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á kr. 867.300.00</p>	

Gata og númer: Skaftahlíð 25(274), Rafmagnsveita Reykjavíkur.

Möt framkvæmd: 5/3/66	Metið kr.
<p>Ný dreifistöð. Byggð úr steinsteypu. Vikureinangrun í þaki. Múrhuðað og málað utan. Rafmagnsupphitun.</p> <p>Stærð hússins: L 7,00m., Br. 5,00m., H. 3,50m. = 123 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>250.000.00</p>

Gata og númer:

SKAFTAHLÍÐ 26

Möt framkvæmd: 12/4 1955	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 3 hæðir m/skápaki og kjallari, byggt úr steinsteypu, slétt-húðað utan, korkklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. -</p> <p>Á I. hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkróki, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, anddyri, stigahús, innri forstofa 6 innb. skápar, hurðir og karmar úr mahogny, allt annars málað og dúklagt, veggvalir. -</p> <p>Á II. hæð er innréttingin eins, nema stigahúsið kemur í stað anddyris og 2 v.s. og 8 innb. skápar. Hurðir úr harðviði. -</p> <p>Á III. hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkróki, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, hurðir og karmar úr mahogny, stigahús, innri forstofa, v.s. m/handlaug, 8 innb. skápar, 3 herbergi og eldhús og forstofa málað, hitt veggfóðrað, dúklagt. - Veggvalir. -</p> <p>Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, anddyri, stigahús, innri forstofa, göng, allt málað og dúklagt, ennfr. þvottahús, olíumiðstöðvarklefi 2 kötlum og 4 geymslur. -</p> <p>Stærð hússins : L. 11.8 m. Br. 11.1 m. H. 8.8 m. skápak kj. 2.8 m. = 1.519.37 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 1.215.500.00</p>	

Möt framkvæmd: (10/2 1956.) 30/9/1957. Bílskúr	Metið kr.
